

# TALIS 2018:

STARFSHÆTTIR OG VIÐHORF KENNARA  
OG SKÓLASTJÓRA  
Á UNGLINGASTIGI GRUNNSKÓLA  
SÍÐARI HLUTI

## EFNISYFIRLIT

I. INNGANGUR . . . . .	3	KAFLI 7: SKÓLAFORYSTA OG ÁBYRGÐ . . . . .	22
HELSTU VIÐFANGSEFNI SÍÐARI HLUTA. . . . .	3	Stjórnunarteymi . . . . .	22
AÐFERÐ RANNSÓKNARINNAR . . . . .	3	Ábyrgð á tilteknum verkefnum . . . . .	23
AÐGÁT VIÐ TÚLKUN . . . . .	4	Viðfangsefni skólastjóra. . . . .	28
PÁTTTÖKULÖND . . . . .	4	KAFLI 8: FORMLEGT MAT	
ÞAKKIR . . . . .	4	Á STÖRFUM KENNARA . . . . .	29
II. KENNARAR Á UNGLINGASTIGI . . . . .	5	Grundvöllur formlegs mats . . . . .	29
KAFLI 1: NÚVERANDI STARF . . . . .	5	Ráðstafanir í framhaldi af mati . . . . .	34
Sérþarfir . . . . .	5	KAFLI 9: SKÓLABRAGUR . . . . .	35
Menntun . . . . .	5	Samkennd og ábyrgð . . . . .	35
KAFLI 2: ENDURGJÖF . . . . .	7	Markmið og metnaður . . . . .	36
Grundvöllur endurgjafar frá		KAFLI 10: STARFSÁNÆGJA . . . . .	37
ólíkum aðilum . . . . .	7	Álag og starfsánægja . . . . .	37
Áhrif endurgjafar . . . . .	12	IV. SAMANTEKT . . . . .	39
KAFLI 3: UM KENNSLUNA ALMENNT . . . . .	13	I. KENNARAR Á UNGLINGASTIGI . . . . .	39
Samvinna kennara . . . . .	13	KAFLI 2: ENDURGJÖF . . . . .	39
KAFLI 4: KENNSLA Í TILTEKNUM		KAFLI 4: KENNSLA Í TILTEKNUM BEKK	
BEKK EÐA KENNSLUHÓPI . . . . .	14	EÐA KENNSLUHÓPI . . . . .	40
Einkenni nemenda: Móðurmál,		KAFLI 5: SKÓLABRAGUR	
náms hæfni, sérþarfir, hegðunarfrávik		OG STARFSÁNÆGJA . . . . .	40
o.fl. . . . .	14	II. SKÓLASTJÓRAR Á UNGLINGASTIGI . . . . .	41
Kennslugreinar. . . . .	15	KAFLI 6: ALMENNAR UPPLÝSINGAR . . . . .	41
Bekkjarstjórnun . . . . .	17	KAFLI 7: SKÓLAFORYSTA OG ÁBYRGÐ . . . . .	41
KAFLI 5: SKÓLABRAGUR OG		KAFLI 8: FORMLEGT MAT Á	
STARFSÁNÆGJA . . . . .	17	STÖRFUM KENNARA . . . . .	42
Samkennd og ábyrgð . . . . .	17	KAFLI 9: SKÓLABRAGUR. . . . .	43
Streituvaldar . . . . .	19	KAFLI 10: STARFSÁNÆGJA. . . . .	43
III. SKÓLASTJÓRAR Á UNGLINGASTIGI . . . . .	21	TÖFLUYFIRLIT . . . . .	44
KAFLI 6: ALMENNAR UPPLÝSINGAR . . . . .	21		
Starfsmannahald . . . . .	21		
Ólík námsstig í sama skóla . . . . .	21		

TALIS 2018 – Síðari hluti

ISBN 978-9979-0-2480-4

© 2020 Höfundur: Ragnar F. Ólafsson

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2020

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun/ Litróf ehf.

Prentvinnsla: Litróf ehf. – Umhverfissvottuð prentsmiðja

## I. INNGANGUR

TALIS-rannsóknin (Teaching and Learning International Survey) fór fram í þriðja sinn árið 2018 og voru niðurstöður hennar birtar að hluta á síðasta ári. Rannsóknin er á vegum Efnahags- og framfarastofnunar (OECD) og ákvað yfirstjórn OECD að birta niðurstöður í tveimur áföngum og birtist nú síðari hlutinn. Vísast til fyrri skýrslu um almennar upplýsingar um rannsóknina, þátttökulönd, framkvæmd og annað innihald rannsóknarinnar. Á meðal markmiða rannsóknarinnar er að safna sambærilegum gögnum um menntakerfi þátttökulandanna, um námsumhverfi og starfsaðstæður í skólum í hverju landi, með því að leggja spurningalista fyrir kennara og skólastjóra, greina gögnin svo þau nýtist við stefnumótun.

### HELSTU VIÐFANGSEFNI SÍÐARI HLUTA

Í þessu hefti eru birtar niðurstöður sem lúta einkum að endurgjöf til kennara og formlegu mati á störfum þeirra, skólabrag, streituvöldum og starfsánægju kennara og skólastjóra, skólaforystu og ábyrgð. Jafnframt lýsa kennarar kennslu í tilteknum bekk eða kennsluhópi. Tæpt var á sumum þessara þátta einnig í fyrri skýrslu um TALIS 2018. Í skýrslunni sem hér birtist eru niðurstöður um þriðjungs rannsóknarinnar kynntar en fyrri hlutinn var birtur um mitt ár 2019. Um er að ræða lýsandi tölfræði fyrir Ísland og til samanburðar eru birtar samtölur fyrir Norðurlönd, OECD-ríki og TALIS-lönd. Einnig verða niðurstöður 2018 bornar saman við niðurstöður ársins 2013 þar sem það er mögulegt. Lesendum er einnig bent á að fylgjast með útgáfum frá OECD en þar fara fram að staðaldri ýmsar úrvinnslur á alþjóðlegum gögnum, sjá m.a. vef OECD, [www.oecd.org/TALIS](http://www.oecd.org/TALIS).

### AÐFERÐ RANNSÓKNARINNAR

Úrtak í hverju landi er að jafnaði 200 skólar og 20 kennarar í hverjum skóla, auk skólastjóra. Með því móti fást svör frá allt að 4000 kennurum og 200 skólastjórum. Á Íslandi eru skólar á unglíngastigi innan við 200 talsins og því var leitað til þeirra allra um þátttöku. Kröfur um þátttökuhlutfall eru strangar. Gert er ráð fyrir að 75% kennara og 75% skólastjóra í úrtaki taki þátt í rannsókninni. Flestar þjóðir náðu því, þ. á m. Ísland, með góðu samstarfi við kennara og skólastjóra, félög kennara og skólastjóra og aðstoð ráðuneytis og sveitarfélaga og fleiri aðila. Með rannsókninni fást upplýsingar um skólakerfið frá fyrstu hendi.

Spurningalistar eru tvennskonar, einn fyrir kennara, annar fyrir skólastjóra. Efnisþættir eru þó mjög svipaðir. Það tekur um 45 til 60 mínútur að svara kennaralistanum og 30 til 40 mínútur að svara skólastjórastíðalistanum. Spurningalistarnir voru þýddir og forprófaðir um vorið 2017.

Framkvæmdinni er þannig háttað í hverju landi að verkefnisstjóri fær lista yfir kennara á viðkomandi skólastigi (unglíngastigi) frá hverjum skóla og útbýr notendanöfn og lykilorð fyrir þátttakendur. Tengiliður skólans fær svo send lykilorðin í lokuðum umslögum og kemur þeim í hendur þátttakenda. Spurningalistanum er svo svarað rafrænt. Unnt er að svara honum í mörgum lotum, ef því er að skipta, skrá sig inn og út af listanum, þar til viðkomandi skráir að þátttöku sé lokið. Þá læsist aðgangur að spurningalistanum. Gagnaúrvinnsla fer fram á vegum IEA Hamburg í samvinnu við OECD og þátttökulönd. Svör einstakra kennara og skólastjóra eru trúnaðarmál.

Athugið að þegar fjallað er um kennara í skýrslunni er átt við kennara á unglíngastigi. Í öllum þátttökulöndum var lagt fyrir kennara og skólastjóra á unglíngastigi en þátttökulönd gátu líka valið að leggja

spurningalista fyrir á námsstigum leikskóla, yngri stigum grunnskóla og framhaldsskóla. Ísland tók einnig þátt á leikskólastigi og voru niðurstöður þess hluta birtar haustið 2019. Árið 2008 var einnig lagt fyrir kennara og skólastjóra á yngsta og miðstigi og á framhaldsskólastigi árið 2013, auk unglíngastigs.

## AÐGÁT VIÐ TÚLKUN

Rétt er að ítreka, að spurningalistar af því tagi sem hér eru notaðir eru ýmsum takmörkunum háðir, m.a. þeim að svörin endurspegla upplifanir svarenda á aðstæðum sínum og má vel vera að einhvers mismæmis gæti milli þess sem TALIS gefur til kynna og annarra tegunda upplýsinga um skólakerfi þátttökulandanna sem aflað er með öðrum hætti. Einnig er rétt að taka fram að ekki er mögulegt að draga ályktanir um orsök og afleiðingu á grundvelli gagna í þversniðsrannsókn af þessu tagi. Við samanburð á löndum og landahópum þarf einnig að hafa í huga menningarlegan mismun við túlkun á einstökum spurningum og mismunandi hefðir um hvernig slíkum listum er svarað.

## ÞÁTTTÖKULÖND

48 lönd (eða landsvæði innan einstakra landa) taka þátt í rannsókninni, þar af 30 lönd í OECD og 18 utan þess. Þau voru 24 árið 2008, 34 árið 2013 og nú síðast 48 talsins, þ. á m. öll Norðurlöndin.

## ÞAKKIR

Rétt er að ítreka þakkir til kennara og skólastjóra fyrir þátttökuna, Kennarasambands Íslands og samtaka innan þess, stjórnenda og starfsmanna Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands fyrir stuðning og aðstoð við gerð spurningalista og gagnaöflun. Einnig þökkum við gott samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenska sveitarfélaga.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagnar rannsóknina hér á landi. Sonja Dögg Pálsdóttir situr í stjórn rannsóknarinnar (Board of Participating Countries). Menntamálastofnun sér um framkvæmd rannsóknarinnar hér á landi. Verkefnisstjóri er Ragnar F. Ólafsson.

## II. KENNARAR Á UNGLINGASTIGI

### KAFLI 1: NÚVERANDI STARF

#### Sérþarfir nemenda

Kennarar voru spurðir hversu margir nemendur með sérþarfir væru alls í bekkjum/kennsluhópum sem þeir kenndu á unglingsstigi í skólanum. Sú skilgreining fylgdi með að nemendur með sérþarfir væru þeir nemendur sem hefðu hlotið formlega greiningu á þörf sinni fyrir sérkennslu vegna þess að þeir væru andlega, líkamlega eða tilfinningalega illa staddir. Að það væri oft vegna þessara nemenda sem viðbótarúræði hefðu fengist frá hinu opinbera eða einkaaðilum (starfsfólk, námsgögn eða fjármunir) til að styðja við nám þeirra.

**Tafla 1: Hlutfall (%) kennara sem segir tiltekinn fjölda nemenda vera með sérþarfir í bekkjum/kennsluhópum sem hann kennir.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Enginn	3,0	5,3	11,0	18
Nokkrir	87,3	87,0	82,1	77
Flestir	6,4	4,2	5,2	4
Allir	3,2	3,5	1,8	1

Fjöldi nemenda með sérþarfir er svipaður hér á landi og á Norðurlöndunum, að mati kennaranna, í kennsluhópnum sem þeir sinna og lýsa í rannsókninni en þessar tölur eru lægri í OECD og TALIS að meðaltali. E.t.v. á þetta rætur að rekja til mismunandi hugtakanotkunar, því erfitt er að gera sér í hugar-  
lund að sérþarfir séu í reynd minni í öðrum TALIS-löndum.

#### Menntun

Kennarar voru spurðir hvaða námsgreinar hefðu verið hluti af formlegri menntun þeirra. Einnig var spurt hvort þeir kenndu viðkomandi grein(ar) á unglingsstigi á yfirstandandi skólaári í þessum skóla.

**Tafla 2: Hlutfall (%) kennara sem segir að tilteknar námsgreinar hafi verið hluti af formlegri menntun þeirra og að þeir kenni þær á unglingsstigi á yfirstandandi skólaári.**

Kennslugrein	Innifalið í formlegri menntun minni				Ég kenni þessar greinar á unglingsstigi á yfirstandandi skólaári			
	ÍSL	NL	OECD	TALIS	ÍSL	NL	OECD	TALIS
Lestur, ritun og bókmenntir <i>Lestur og ritun (og bókmenntir) á móðurmálinu, tungumálinu sem notað er í kennslunni eða tungumáli landsins (svæðisins) sem annars tungumáls (fyrir erlenda nemendur); tungumálanám, ræðumennska, bókmenntir</i>	60,7	49,6	50,9	52	34,0	30,5	28,0	28
Stærðfræði <i>Stærðfræði, stærðfræði með tölfræði, rúmfræði, algebra o.s.frv.</i>	50,3	44,1	42,2	42	27,3	28,6	22,8	21

(framhald)	Innfalið í formlegri menntun minni				Ég kenni þessar greinar á unglingastigi á yfirstandandi skólaári			
	ÍSL	NL	OECD	TALIS	ÍSL	NL	OECD	TALIS
Kennslugrein								
Náttúrufræði <i>Raunvísindi, eðlisfræði, eðlisvísindi, efnafræði, líffræði, líffræði mannsins, umhverfisvísindi, landbúnaður, garðrækt, skógræktarfræði</i>	33,1	36,8	40,5	41	18,3	24,1	20,9	20
Samfélagsfræði <i>Félagsfræði, samfélagsfræði, samtímarannsóknir, hagfræði, umhverfisfræði, landafræði, sagnfræði, hugvísindi, laganám, nám um eigið land, félagsvísindi, siðfræðihugsun, heimspeki</i>	44,1	40,1	44,2	45	22,7	22,9	21,3	21
Erlend tungumál, nútímamál <i>Annað tungumál en tungumálið sem notað er í kennslunni</i>	29,1	34,6	36,5	37	27,9	29,0	18,1	16
Forngríska og/eða latína	3,3	4,0	10,3	13	3,3	1,4	2,5	3
Tæknifræði <i>Kynning á tæknifræði, þar með talin upplýsingatækni, tölvufræði, byggingar/landmælingar, rafeindafræði, tækniteiknun og hönnun, kunnátta til að nota lyklaborð, ritvinnsla, verkstæðistækni, hönnunartækni</i>	19,1	16,4	29,2	32	14,2	10,9	14,7	15
Listgreinar <i>Listgreinar, tónlist, sjónlist, hagnýt list, leiklist, flutningur tónlistar, ljósmyndun, teikning, skapandi handmennt, skapandi útsaumur</i>	36,6	33,4	33,3	33	22,0	18,0	16,6	16
Íþróttir <i>Íþróttir, fimleikar, dans, hreysti</i>	23,0	28,3	32,4	33	13,7	17,2	14,4	13
Trúarbrögð og/eða siðfræði <i>Trúarbrögð, trúarbragðasaga, trúarbragðamenning, siðfræði</i>	28,3	31,3	26,0	28	9,2	15,7	11,3	11
Hagnýt og verkleg færni <i>Verkleg færni (undirbúningur undir ákveðna starfsgrein), aðferðir, heimilisfræði, bókhald, verslunarfræði, starfsfræðsla, fatnaður og vefnaðarvara, akstur, heimilishagfræði, tækniáfangar, ritaranám, ferðamál og gestamóttaka, handið</i>	19,1	17,2	19,1	22	15,6	12,4	9,7	10
Annað	8,0	11,2	13,7	16	7,1	8,7	9,2	10

ÍSL=Ísland; NL=Norðurlönd

Í samanburði við Norðurlöndin hafa fleiri lært greinar tengdar lestri, ritun og bókmenntum hér á landi. Hið sama má segja um stærðfræði. Minni áhersla er á náttúrufræði og erlend tungumál í menntun kennara hér á landi miðað við samanburðarlöndin. Á Norðurlöndum almennt virðast færri kennarar lærðir í tæknigreinum miðað við OECD og TALIS-lönd að meðaltali.

## KAFLI 2: ENDURGJÖF

Kennarar voru spurðir út í endurgjöfina sem þeir fá vegna vinnu sinnar í skólanum. Eftirfarandi skilgreining á endurgjöf fylgdi með:

*„Endurgjöf“ er hér almennt skilgreind og tekur til allra samskipta sem þú færð um kennslu þína, sem byggð er á einhvers konar skoðun á starfi þínu (t.d. með því að fylgjast með þér kenna, ræða námsefni þitt, kennsluaðferðir eða einkunnir nemenda þinna).*

*Endurgjöf getur verið veitt gegnum óformleg samtöl eða verið hluti af formlegu starfsmati.*

### Grundvöllur endurgjafar frá ólíkum aðilum

Spurt var um endurgjöf frá eftirfarandi aðilum og beðið um að haka við það sem við átti. Hlutfall kennara sem segist hafa fengið endurgjöf frá þessum aðilum á grundvelli tiltekinna upplýsinga er sýnt í töflum 3A, 3B, 3C og 3D hér á eftir.

- Tafla 3A: Ytri aðilum eða stofnunum
- Tafla 3B: Skólastjóra eða stjórnunarteymi skólans
- Tafla 3C: Frá öðrum starfsmönnum í skólanum (ekki í stjórnunarteymi)
- Tafla 3D: Ég hef aldrei fengið þess háttar endurgjöf í þessum skóla.

**Tafla 3A: Hlutfall (%) kennara sem segir að ytri aðilar eða stofnanir hafi veitt sér endurgjöf. Átt var við eftirlitsaðila, fulltrúa sveitarfélags eða skólaskrifstofu eða aðra aðila utan skólans.**

	Ísland	Ísland 2013	Norðurlönd	OECD	TALIS
Eftir beina athugun á kennslu minni í bekknum	12,2	7,8	8,0	16	17
Á grundvelli svara nemenda í könnunum um kennslu mína	2,8	1,5	5,8	7	9
Á grundvelli mats á þekkingu minni á kennsluefninu	1,8	1,8	2,9	10	14
Á grundvelli niðurstaðna ytri greiningar á getu nemenda minna (t.d. niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum)	9,4	2,3	14,7	22	24
Á grundvelli niðurstaðna á árangursmati í bekknum eða skólanum í heild (t.d. frammistöðumati, útkomu verkefna, prófaniðurstöðum)	3,6	–	5,6	9	12
Á grundvelli sjálfsmats á eigin vinnu (t.d. kynningum á hæfnimöppum eða greiningu á myndbandsupptökum af kennslu minni)	1,5	1,0	1,8	6	8

Niðurstöður töflunnar hér að ofan gefa sterklega til kynna að *endurgjöf ytri aðila eða stofnana* sé fátíð hér á landi og á Norðurlöndum, og sjaldgæfari en í OECD og TALIS-löndum almennt. Raunar er hlutfallið lágt í öllum landahópunum. Fyrirferðamest er endurgjöf ytri aðila á grundvelli niðurstaðna ytri greiningar á getu nemendanna (í prófum hliðstæðum samræmdum prófum), en þó er hlutfallið sem hefur fengið slíka endurgjöf aðeins ríflega fimmtungur að meðaltali í OECD og TALIS-löndum.

Samanburður við 2013 á Íslandi bendir til þess að ytri aðilar eða stofnanir notist nú meira við beina athugun á kennslu og greiningar á getu nemenda þegar þeir veita kennurum endurgjöf. Munurinn er þó ekki mikill í prósentustigum talið.



**Tafla 3B: Hlutfall (%) kennara sem segir að skólastjóri eða stjórnunarteymi skólans hafi veitt sér endurgjöf.**

	Ísland	Ísland 2013	Norðurlönd	OECD	TALIS
Eftir beina athugun á kennslu minni í bekknum	25,0	24,5	31,8	57	64
Á grundvelli svara nemenda í könnunum um kennslu mína	11,8	11,6	16,9	30	37
Á grundvelli mats á þekkingu minni á kennsluefninu	15,2	13,5	16,0	30	39
Á grundvelli niðurstaðna ytri greiningar á getu nemenda minna (t.d. niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum)	23,4	19,8	27,6	40	44
Á grundvelli niðurstaðna á árangursmati í bekknum eða skólanum í heild (t.d. frammistöðumati, útkomu verkefna, prófaniðurstöðum)	20,0	–	25,7	46	53
Á grundvelli sjálfsmats á eigin vinnu (t.d. kynningum á hæfnimöppum eða greiningu á myndbandsupptökum af kennslu minni)	9	11,9	7,8	28	38

Almennt hærra hlutfall kennara hefur fengið endurgjöf frá skólastjóra eða stjórnunarteymi skólans, í samanburði við tíðni endurgjafar frá ytri aðilum. Á Norðurlöndum og þá sérstaklega á Íslandi er endurgjöf frá þessum aðilum þó mun sjaldgæfari en í OECD og TALIS-löndum að meðaltali; víða hafa helmingi færri kennarar á Norðurlöndum fengið endurgjöf frá skólastjóra eða stjórnunarteymi skólans.

Ef Norðurlöndin eru skoðuð sérstaklega þá kemur fram að endurgjöf eftir beina athugun á kennslu kennarans í bekknum eða á grundvelli niðurstaðna á árangursmati nemenda (í samræmdum prófum, verkefnum eða öðru námsmati) eru algengustu tilefni endurgjafar frá skólastjóra eða stjórnunarteymi. Það er þó aðeins rétt um fjórðungur sem segist hafa fengið slíka endurgjöf.

Endurgjöf skólastjóra eða stjórnunarteymis eftir beina athugun á kennslu kennarans í bekknum er ríflega tvöfalt algengari í OECD og TALIS að meðaltali en hér á landi og á Norðurlöndum almennt.

Lítill eða engin breyting hefur orðið milli árána 2013 og 2018 hér á landi.

**Tafla 3C: Hlutfall (%) kennara sem segir að aðrir samstarfsmenn í skólanum (ekki í stjórnunarteymi skólans) hafi veitt sér endurgjöf.**

	Ísland	Ísland 2013	Norðurlönd	OECD	TALIS
Eftir beina athugun á kennslu minni í bekknum	14,8	14,7	33,0	39	37
Á grundvelli svara nemenda í könnunum um kennslu mína	6,6	6,0	11,1	20	21
Á grundvelli mats á þekkingu minni á kennsluefninu	12,6	7,4	15,0	21	23
Á grundvelli niðurstaðna ytri greiningar á getu nemenda minna (t.d. niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum)	8,6	9,6	16,7	18	18
Á grundvelli niðurstaðna á árangursmati í bekknum eða skólanum í heild (t.d. frammistöðumati, útkomu verkefna, prófaniðurstöðum)	14,0	–	22,1	31	29
Á grundvelli sjálfsmats á eigin vinnu (t.d. kynningum á hæfnimöppum eða greiningu á myndbandsupptökum af kennslu minni)	8,2	4,3	10,3	17	20

Endurgjöf frá öðrum samstarfsaðilum skólans (ekki í stjórnunarteymi) er einnig mjög sjaldgæf á Íslandi og á Norðurlöndum almennt, og raunar ekki algeng í OECD eða TALIS-löndum að meðaltali heldur, þótt þær tölur séu mun hærrí en á Íslandi. Aðeins um 15% kennara hafa fengið endurgjöf frá samstarfsmönnum eftir beina athugun á kennslu í bekknum en hjá samanburðarhópnum (Norðurlöndum, OECD og TALIS) er þetta hlutfall tvöfalt hærra. Kennslukannanir nemenda virðast einnig gegna mjög litlu hlutverki hér á landi (7% hafa fengið endurgjöf á grundvelli þeirra hér á landi) og aðeins um fimmtungur hefur fengið endurgjöf á þeim grundvelli í OECD og TALIS-löndum að meðaltali.

Lítill breyting hefur orðið hér á landi milli árána 2013 og 2018. Helst að mat á þekkingu kennarans á kennsluefninu sé oftar grundvöllur endurgjafar nú en áður.

**Tafla 3D: Hlutfall (%) kennara sem segir að þeir hafi aldrei fengið þess háttar endurgjöf í þessum skóla.**

	Ísland	Ísland 2013	Norðurlönd	OECD	TALIS
Eftir beina athugun á kennslu minni í bekknum	55,7	63,4	41,6	20	16
Á grundvelli svara nemenda í könnunum um kennslu mína	80,5	82,6	70,1	51	44
Á grundvelli mats á þekkingu minni á kennsluefninu	74,4	81,5	71,3	50	40
Á grundvelli niðurstaðna ytri greiningar á getu nemenda minna (t.d. niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum)	65,6	72,9	51,7	37	33
Á grundvelli niðurstaðna á árangursmati í bekknum eða skólanum í heild (t.d. frammi- stöðumati, útkomu verkefna, prófaniðurstöðum)	67,8	–	54,8	31	25
Á grundvelli sjálfsmats á eigin vinnu (t.d. kynningum á hæfnimöppum eða greiningu á myndbandsupptökum af kennslu minni)	84,6	84,1	82,4	57	47

Eins og ráða má af framansögðu þá er mun hærra hlutfall kennara hér á landi (og á Norðurlöndum) sem hefur *aldrei* fengið endurgjöf frá ytri aðilum, skólastjórnendum eða samstarfsmönnum, á grundvelli margvíslegra gagna, í samanburði við OECD og TALIS-lönd að meðaltali. Flestir kennara á Norðurlöndum hafa ekki fengið endurgjöf á grundvelli athugana á beinni kennslu, kennslukannana, mats á þekkingu kennarans, getu nemenda eða t.d. sjálfsmatsmöppu.

Hlutfall kennara sem segist aldrei hafa fengið endurgjöf af tilteknu tagi í skólanum hefur lækkað nokkuð milli árána 2013 og 2018. Með öðrum orðum, þá fengu fleiri kennarar endurgjöf nú en áður. Munurinn er ekki ýkja mikill en sést m.a. á sviði beinnar athugunar á kennslu kennarans í bekknum og greiningar á getu nemenda. Endurgjöf á grundvelli athugunar á þessum sviðum virðist algengari nú en áður var.

## Áhrif endurgjafar

Þeir sem höfðu fengið endurgjöf frá ofangreindum aðilum á síðastliðnum 12 mánuðum voru spurðir hvort endurgjöfin hefði haft einhver jákvæð áhrif á kennsluaðferðir þeirra. Hlutfall þeirra sem svaraði því játandi er sýnt í töflu 4.

**Tafla 4: Hlutfall (%) kennara sem segir að endurgjöfin hafi haft einhver jákvæð áhrif á kennsluaðferðir þeirra. Aðeins þeir svara spurningunni, sem fengu endurgjöf frá ytri aðila, skólustjóra eða stjórnunarteymi, eða öðrum samstarfsmönnum í skólanum.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Endurgjöf á sl. 12 mánuðum hafði jákvæð áhrif	68,7	63,6	71	76

Þótt fáir segist hafa fengið endurgjöf á Íslandi og Norðurlöndum, í samanburði við önnur þáttökulönd að meðaltali, þá er ekki þar með sagt að sú endurgjöf sem veitt er sé ekki talin árangursrík.

Tafla 5 sýnir að ríflega helmingur þeirra sem fengið hafa endurgjöf um þekkingu og skilning þeirra á helstu kennslugrein, færni í kennslufræði faggreinar, notkun á námsmati og bekkjarstjórnun, telja að hún hafi haft jákvæð áhrif á þessa tiltekna þætti í kennslunni.

Þeir sem sögðust hafa fengið endurgjöf frá ofangreindum aðilum á sl. 12 mánuðum voru beðnir um að segja hvort endurgjöfin hafi haft einhver jákvæð áhrif á tiltekna þætti í kennslu þeirra.

**Tafla 5: Hlutfall (%) kennara sem segir að endurgjöf sem þeir fengu frá tilteknum aðilum á sl. 12 mánuðum hafi haft einhver jákvæð áhrif á tiltekna þætti í kennslunni.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Þekkingu og skilning á helstu kennslugreinum mínum	54,5	58,1	62	68
Færni í kennslufræði faggreinar minnar	60,6	68,1	77	81
Notkun á námsmati nemenda til að styrkja nemendur í náminu	63,8	54,6	69	75
Bekkjarstjórnun	50,8	61,0	63	70
Aðferðir þínar við kennslu nemenda með sérþarfir	46,4	47,3	49	49
Aðferðir við kennslu í fjölmeningarsamfélagi eða og fjöltyngdum nemendahópi	27,2	21,8	25	30

Hafa ber í huga að hlutfallstölurnar í töflunni hér fyrir ofan sýna hlutfall af þeim hópi kennara sem fékk endurgjöf á sl. 12 mánuðum, en ekki af þátttakendum í rannsókninni í heild. Almennt hefur lægra hlutfalli kennara á Íslandi og Norðurlöndum í heild fundist endurgjöfin hafa jákvæð áhrif, samanborið við OECD og TALIS-löndin í heild.

## KAFLI 3: UM KENNSLUNA ALMENNT

### Samvinna kennara

Kennarar voru beðnir um að tilgreina hversu oft þeir sinntu tilteknum störfum í skólanum.

**Tafla 6: Hlutfall (%) kennara sem segist sinna tilteknum störfum 1–3 sinnum í mánuði eða oftar.**

	Ísland	Ísland 2013	Norðurlönd	OECD	TALIS
Kenni sama bekk með hópi kennara	31,7	29,2	36,3	28	23
Veiti öðrum kennurum endurgjöf um kennsluhætti þeirra	9,5	4,8	10,4	9	13
Tek þátt í sameiginlegu starfi margra bekkja og aldurshópa (t.d. átaksverkefni)	12,9	13,7	11,5	12	13
Skriptist á kennsluefni við aðra kennara	38,9	40,7	53,7	47	45
Ræði námsferil einstakra nemenda	69,6	66,1	77,3	62	57
Vinn með öðrum kennurum í skólanum til að samræma matsviðmið fyrir mælingar á framförum nemenda	45,0	45,4	48,3	40	41
Sæki teymisfundi	71,0	–	78,5	44	40
Tek þátt í starfsþróun í hóp- vinnu með öðrum kennurum	36,3	–	28,9	21	23

Um þriðjungur kennir sama bekknum með hópi kennara hér á landi. Það er svipað og í öðrum land-ahópum sem hér eru til samanburðar. Almennt virðist meira um teymisfundi, hópavinnu kennara og samræður um námsferli nemenda á Norðurlöndum, í samanburði við OECD og TALIS- landahópana að meðaltali. Nánast engar breytingar koma fram á þessu sviði milli ára 2013 og 2018 en tilhneiging er í átt að meiri endurgjöf til kennara um kennsluhætti þeirra.

## KAFLI 4: KENNSLA Í TILTEKNUM BEKK EÐA KENNSLUHÓPI

Til þess að fá nákvæmari mynd af kennsluáðferðum þátttakenda voru þeir beðnir um að beina athygli inni að kennslu sinni í einum tilteknum bekk eða kennsluhópi. Til samræmis voru allir kennarar beðnir um að segja frá fyrsta kennsluhópnum á unglingastigi sem þeir kenndu eftir klukkan 11 að morgni síðasta þriðjudags. Ef viðkomandi kenndi ekki á unglingastigi á þriðjudögum þá var þátttakandi beðinn um að segja frá þeim hópi á unglingastigi sem hún/hann kenndi næst þar á eftir.

### Einkenni nemenda: Móðurmál, námshæfni, sérþarfir, hegðunarfrávik o.fl.

**Tafla 7: Hlutfall (%) kennara sem segir að 11% eða hærra hlutfall nemenda í bekknum/kennsluhópnum sé með annað móðurmál, litla námshæfni, með sérþarfir, hegðunarfrávik, standa illa efnahagslega eða félagslega, með mikla námshæfni, innflytjandi eða af erlendum uppruna eða flóttamenn.**

	Ísland	Ísland 2013	Norðurlönd	OECD	TALIS
Nemendur með annað móðurmál en tungumálið sem kennslan fer fram á	24,1	12,7	24,8	19	20
Nemendur með litla námshæfni	49,6	46,7	54,3	54	52
Nemendur með sérþarfir	40,0	37,5	34,9	28	22
Nemendur með hegðunarfrávik	34,8	33,0	26,9	32	31
Nemendur frá heimilum sem standa illa efnahagslega eða félagslega	25,5	24,4	25,7	35	36
Nemendur með mikla námshæfni	58,0	64,5	69,8	36	37
Nemendur sem eru innflytjendur eða af erlendum uppruna	25,5	–	26,1	17	16
Nemendur sem eru flóttamenn	2,5	–	6,7	3	3

Hlutfall nemenda með annað móðurmál, innflytjenda eða af erlendum uppruna, er fremur hátt hér á landi og á Norðurlöndum í samanburði við OECD og TALIS-meðaltölin. Jafnframt eru nemendur með sérþarfir sagðir fleiri hér á landi og á Norðurlöndum en í samanburðarhópum. Mun hærra hlutfall hér og á Norðurlöndum er með mikla námshæfni, að sögn kennararanna, en minna um börn frá heimilum sem standa illa fjárhagslega eða félagslega.

Aukning hefur orðið milli árána 2013 og 2018 á hlutfalli nemenda með annað móðurmál en tungumálið sem kennslan fer fram á. Um tvöfalt fleiri kennarar nú segja að 11% eða hærra hlutfall nemenda í bekknum/kennsluhópnum sé með annað móðurmál.

Kennarar voru spurðir hvort bekkurinn/kennsluhópurinn sem þeir kenndu væri aðallega eða eingöngu skipaður nemendum með sérþarfir.

**Tafla 8: Hlutfall (%) kennara sem segir að bekkurinn/kennsluhópurinn sem þeir voru beðnir um að lýsa sé aðallega eða eingöngu skipaður nemendum með sérþarfir.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Aðallega eða eingöngu nemendur með sérþarfir	17,4	14,8	13	14

Svipað hlutfall nemenda er með sérþarfir, að mati kennaranna, óháð landahópum.

### Kennslugreinar

Spurt var hvaða kennslugrein viðkomandi kenndi þessum tiltekna bekk/kennsluhópi. Nánari lýsing á þeim námsgreinaflokkum sem kennarar notuðu fylgdi með.

**Tafla 9: Hlutfall (%) kennara sem segist hafa kennt bekknum/kennsluhópnum tiltekna námsgrein (sl. þriðjudag eftir kl. 11).**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Lestur, ritun og bókmenntir <i>þ.á m. lestur og ritun (og bókmenntir) á móðurmálinu, tungumálinu sem notað er í kennslunni eða tungumáli landsins (svæðisins) sem annars tungumáls (fyrir erlenda nemendur); tungumálanám, ræðumennska, bókmenntir</i>	14,9	18,6	18	19
Stærðfræði <i>þ. á m. stærðfræði, stærðfræði með tölfraði, rúmfræði, algebra o.s.frv.</i>	13,9	15,6	15	15
Náttúrufræði <i>þ.á m. náttúrufræði, eðlisfræði, eðlisvísindi, efnafræði, líffræði, líffræði mannsins, umhverfisvísindi, landbúnaður, garðrækt, skógræktarfræði</i>	8,1	9,6	12	12
Samfélagsfræði <i>þ.á m. félagsfræði, samfélagsfræði, samtímarannsóknir, hagfræði, umhverfisfræði, landafræði, sagnfræði, hugvísindi, laganám, nám um eigið land, félagsvísindi, siðfræði-hugsun, heimspeki</i>	6,9	8,2	11	11
Erlend tungumál, nútímamál <i>þ.á m. annað tungumál en tungumálið sem notað er í kennslunni</i>	16,1	17,5	14	13
Forngríska og/eða latína	0,1	0,0	0	1

(framhald)	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Tæknifræði <i>þ.á m. kynning á tæknifræði, þar með talin upplýsingatækni, tölvufræði, byggingar/landmælingar, rafeindafræði, tækniteiknun og hönnun, kunnátta til að nota lyklaborð, ritvinnsla, verkstæðistækni, hönnunartækni</i>	2,9	2,0	4	5
Listgreinar <i>þ.á m. listgreinar, tónlist, sjónlist, hagnýt list, leiklist, flutningur tónlistar, ljósmyndun, teikning, skapandi handmennt, skapandi útsaumur</i>	13,0	9,9	9	8
Íþróttir <i>þ.á m. íþróttir, fimleikar, dans, hreysti</i>	10,1	7,1	9	8
Trúarbrögð og/eða siðfræði <i>þ.á m. trúarbrögð, trúarbragðasaga, trúarbragðamenning, siðfræði</i>	0,8	3,4	3	4
Verk- og starfsmenntun <i>þ.á m. verkleg færni (undirbúningur undir ákveðna starfsgrein), aðferðir, heimilisfræði, bókhald, verslunarfræði, starfsfræðsla, fatnaður og vefnaðarvara, akstur, heimilis-hagfræði, tækniáfangar, ritaranám, ferðamál og gestamóttaka, handið</i>	10,7	5,7	3	3
Annað	2,6	2,2	2	3

Eins og fram kom að ofan þá voru kennarar beðnir um að tilgreina hvaða kennslugrein þeir hefðu kennt síðastliðinn þriðjudag kl. 11 eða strax eftir það. Taflan gefur því ekki heildstætt yfirlit yfir allt sem kennt er í skólanum, ef þessi tilgreindi tími er ekki dæmigerður fyrir kennsluna almennt í þátttökuríkjunum. Því ber að skoða þessar tölur með varúð og e.t.v. ekki hægt að yfirfæra þær yfir á námsframboðið í heild. Engu að síður skulum við skoða tölur fyrir Ísland í samanburði við önnur lönd.

Lítið eitt færri kennarar voru að kenna lestur, ritun og bókmenntir hér á landi en í öðrum þátttökulöndum. Þessi munur er þó mjög lítill. Færri hér á landi kenndu náttúrufræði og samfélagsfræði, í samanburði við önnur þátttökulönd. Erlend tungumál voru meira kennd hér á landi (og á Norðurlöndum) en í öðrum OECD og TALIS-löndum að meðaltali. Listgreinar voru algengari hér á landi en í hinum löndunum að meðaltali. Verk- og starfsmenntun var meira stunduð á þessum tíma á Íslandi og að nokkru á Norðurlöndum, í samanburði við hin OECD og TALIS-löndin.



## Bekkjartjórnun

Kennarar voru spurðir hvort þeir teldu sig hafa góða stjórn á eftirfarandi atriðum í skipulaginu og kennslu þessa tiltekna bekkjar/kennsluhóps.

**Tafla 10: Hversu góða stjórn segjast kennarar hafa á tilteknum atriðum í skipulagningu og kennslu tiltekins bekkjar/kennsluhóps. Hlutfall (%) sem segist mjög sammála því að hann/hún hafi góða stjórn á tilteknum atriðum.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Að ákveða efni námskeiða	55,9	58,1	45	42
Að velja kennsluaðferðir	53,2	63,7	56	51
Að meta námsframvindu nemenda	40,1	51,4	47	45
Að aga nemendur	33,6	46,6	42	40
Að ákveða hve mikið nemendur eiga að læra heima	38,2	56,4	49	45

Kennarar á Íslandi og á Norðurlöndum segjast mjög sammála fullyrðingu um að þeir hafi góða stjórn á því að ákveða efni námskeiða. Þetta er hærra hlutfall en í OECD og TALIS að meðaltali. Lægra hlutfall hér á landi telur sig hafa góða stjórn á mati á námsframvindu nemenda, aga og heimalærdómi nemenda. Þetta er lægra hlutfall en á Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum að meðaltali. E.t.v. endurspegla þessar tölur þá mynd að kennarar stýri sjálfir innihaldi námsins en hafi tiltölulega litla stjórn á námshegðun nemendanna.

## KAFLI 5: SKÓLABRAGUR OG STARFSÁNÆGJA

### Samkennd og ábyrgð

Kennarar voru beðnir um að tilgreina hversu sammála eða ósammála þeir væru ýmsum fullyrðingum um samkennd, ákvarðanir og ábyrgð í skólastarfi.

**Tafla 11: Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála tilteknum fullyrðingum um skólann.**

	Ísland	Ísland 2013	Norðurlönd	OECD	TALIS
Þessi skóli veitir starfsfólki tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.	79,9	76,9	79,4	77	78
Þessi skóli veitir foreldrum og forráðamönnum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.	75,7	75,0	71,6	77	78
Þessi skóli veitir nemendum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.	73,4	67,4	75,3	71	71

(framhald)	Ísland	Ísland 2013	Norðurlönd	OECD	TALIS
Þessi skóli leggur áherslu á sameiginlega ábyrgð á mál-efnum skólans.	79,8	79,0	78,6	76	78
Í skólanum ríkir andi samvinnu sem einkennist af gagnkvæmum stuðningi.	86,1	–	84,9	81	82
Starfsfólk skólans hefur sameiginlega sýn á kennslu og nám.	76,1	–	73,1	76	79
Starfsfólk skólans gætir samræmis þegar það framfylgir reglum sem lúta að hegðun nemenda.	71,9	–	58,4	69	75
Starfsfólk skólans er hvatt til að sýna frumkvæði.	85,4	–	83,0	81	83

Lítill munur er á löndunum varðandi ýmsar fullyrðingar um samstarf við skólann. Um 70 til 80% kennara er sammála því að skólinn veiti starfsfólki, foreldrum eða nemendum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann. Flestir eru einnig sammála því að í skólanum ríki andi samvinnu og gagnkvæms stuðnings. Flestir eru líka sammála því að starfsfólk skólans hafi sameiginlega sýn á kennslu og nám, að það gæti samræmis við að framfylgja reglum sem lúta að hegðun nemenda og að starfsfólkið sé hvatt til þess að sýna frumkvæði. Litlar breytingar hafa orðið milli fyrirlagna hér á landi en helst virðast nemendur fá oftár tækifæri til þess að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.

Kennarar voru spurðir hversu lengi þeir vildu starfa áfram sem kennarar.

**Tafla 12: Meðalárafjöldi (og staðalfrávik) sem kennarar segjast myndu vilja starfa áfram sem kennari.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Hve lengi (í árum) viltu starfa áfram sem kennari?	12,1 (10,2)	14,1 (9,9)	14,6 (10,2)	14,6 (10,1)

Væntanlegur starfsferill kennara á Íslandi er lítið eitt styttri hér á landi en á Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum að meðaltali en munurinn er þó ekki mikill, aðeins rúm 2 ár.

## Streituvaldar

Kennarar voru spurðir um streituvalda í starfi.

**Tafla 13: Hlutfall (%) kennara sem segist finna fyrir tilteknum streitueinkennum í starfi að þó nokkru leyti eða að mjög miklu leyti.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Ég finn fyrir streitu í vinnunni.	55,2	47,9	49	45
Í starfinu hef ég tíma til þess að sinna persónulegum hugðarefnum.	23,9	55,3	48	45
Starfið hefur slæm áhrif á andlega heilsu mína.	22,5	20,2	24	22
Starfið hefur neikvæð áhrif á líkamlega heilsu mína.	21,0	14,2	20	20

Lítið eitt hærra hlutfall kennara á Íslandi (ríflaga helmingur) upplifði streitu í vinnunni í samanburði við önnur lönd, þ. á m. Norðurlönd. Munurinn er þó ekki mikill. Færri kennarar á Íslandi sögðust hafa nægan tíma til þess að sinna persónulegum hugðarefnum. Minna hlutfall, um fimmtungur (og svipað í flestum löndum), kvartaði yfir því að starfið hefði slæm áhrif á andlega eða líkamlega heilsu.

Kennarar voru beðnir um að tilgreina að hve miklu leyti tiltekin atriði yllu þeim streitu.

**Tafla 14: Hlutfall (%) kennara sem segir að tiltekin atriði valdi þeim streitu að þó nokkru leyti eða að mjög miklu leyti.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Of mikil vinna við undirbúning fyrir kennslustundir	24,2	33,8	33	33
Of mikil kennsla	26,1	31,9	28	29
Of mikill tími í að fara yfir próf og verkefni	28,8	40,2	40	40
Að þurfa að sinna of mikilli skriffinnsku (t.d. að fylla út eyðublöð)	44,6	47,8	49	46
Aukaálag vegna fjarvista annarra kennara	31,7	28,1	24	24
Að vera gerð(ur) ábyrg(ur) fyrir árangri nemenda	26,5	28,8	43	45
Að halda aga í kennslustundum	36,8	26,8	38	38
Að vera ógnað eða verða fyrir áreitni/svívirðingum af hendi nemenda	15,4	10,7	13	14
Að halda í við breytilegar kröfur ríkis/sveitarfélags	53,3	38,8	41	40
Að taka á þeim áhyggjum sem foreldrar eða forráðamenn kunna að viðra	39,3	32,0	34	32
Að breyta kennslunni svo hún gagnist nemendum með sérþarfir	43,5	41,4	31	28

Í samanburði við önnur lönd var *minni* streita hér á landi tengd því að of mikil vinna væri við undirbúning fyrir kennslustundir eða yfirferð prófa og verkefna. Einnig olli það síður streitu á Íslandi og á Norðurlöndum að vera gerður ábyrgur fyrir árangri nemenda.

*Meiri* streita hér á landi tengdist því að halda í við breytilegar kröfur ríkis/sveitarfélags og álagi vegna fjarvista kennara. Á Norðurlöndum var almennt meiri streita í tengslum við að breyta kennslunni svo hún gagnist nemendum með sérþarfir.

## III SKÓLASTJÓRAR Á UNGLINGASTIGI

### KAFLI 6: ALMENNAR UPPLÝSINGAR

#### Starfsmannahald

Skólastjórar voru beðnir um að tilgreina fjölda starfsmanna skólans (ekki aðeins stöðugildin) sem tiltekin atriði eiga við um. Beðið var um að telja með starfsfólk í hlutastarfi og starfsfólk sem hóf vinnu á þessu ári. Einnig alla starfsmenn af öllu tagi, þar með talið þá sem fóru á eftirlaun, í fæðingarorlof eða voru aðeins tímabundið í kennslu.

**Tafla 15: Fjöldi kennara sem hóf störf, lét af störfum (hvort tveggja síðustu tólf mánuði) eða var fjarverandi síðasta þriðjudag þegar skólinn var starfandi. Sýnt er hlutfall skólastjóra sem segja að þessi fjöldi sé 6–10 eða fleiri.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Kennarar sem hófu störf við þennan skóla á síðustu 12 mánuðum	17,0	16,2	29,2	32,6
Kennarar sem létu af störfum á síðustu 12 mánuðum	7,5	6,8	14,1	14,6
Kennarar sem voru fjarverandi síðasta þriðjudag sem skóli var starfandi	6,3	7,8	8,9	8,3

Þótt okkur virðist starfsmannavelta há hér á landi (með um 17% nýjum kennurum á síðustu 12 mánuðum) þá er hún hærrí í samanburðarlöndum OECD og TALIS, en hér svipuð hinum Norðurlöndunum. Fjarvistir kennara eru svipaðar hér á landi og í samanburðarhópunum almennt.

#### Ólík námsstig í sama skóla

Spurt var hvort tiltekin námsstig og/eða námsþættir væru kenndir við skólanum (tafla 16A) og ef svo, hvort aðrir skólar í nágrenninu kepptu við skólann um nemendur á þessu stigi eða námsþætti (tafla 16B).

**Tafla 16A: Hlutfall (%) skólastjóra sem segir að tiltekin námsstig eða námsþættir séu kennd við skólann.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Leikskólastig	27,2	25,5	32,6	33,0
Yngsta stig og miðstig grunnskóla	97,8	70,0	58,1	57,9
Unglingastig grunnskóla	100	98,8	98,2	97,1
Framhaldsskólastig: bóknámsgreinar	12,9	6,1	32,8	40,2
Framhaldsskólastig: starfsnámsgreinar, tækni- og verknám	6,5	1,6	13,9	13,0

Algengt er hér á landi að nemendum á yngsta og miðstigi sé kennt við sama skóla og nemendum á unglingsstigi. Það er algengara en í löndum í samanburðarhópum. Fátíðara er hins vegar að nemendum á framhaldsskólastigi sé kennt í skólum á unglingsstigi en það tíðkast í um þriðjungum unglingsstigs-skóla í samanburðarlöndum OECD og TALIS að meðaltali.

**Tafla 16B: Hlutfall (%) skólustjóra sem segir að skólinn sé í samkeppni við engan, einn eða tvo eða fleiri skóla um nemendur.**

	Ísland			Norðurlönd			OECD			TALIS		
	2 eða fleiri	1-2	Engan	2 eða fleiri	1-2	Engan	2 eða fleiri	1-2	Engan	2 eða fleiri	1-2	Engan
Yngsta stig og miðstig grunnskóla	21,0	13,6	65,4	58,4	14,0	27,6	61,9	15,4	22,7	61,8	15,6	22,5
Unglingastig grunnskóla	20,7	14,6	64,6	47,0	15,9	37,1	62,1	15,5	22,5	60,6	16,3	23,1

Fremur fátítt er það hér á landi að skólustjórar segi skólann vera í samkeppni við aðra skóla um nemendur. Einangrun skólanna og fámenni samfélaganna kemur ef til vill þarna við sögu. Það er mun algengara á Norðurlöndum, í OECD og TALIS-löndum almennt, að skólustjórar telji sig vera í samkeppni við aðra skóla um nemendur.

## KAFLI 7: SKÓLAFORYSTA OG ÁBYRGÐ

### Stjórnunarteymi

Spurt var hvort **stjórnunarteymi** væri starfandi við skólann. Með „stjórnunarteymi“ var átt við „hóp innan skólans sem ber ábyrgð á og gegnir forystuhlutverki þegar teknar eru ákvarðanir sem varða kennslu, nýtingu á tiltækum úrræðum, námskrá, matsþætti og aðrar stefnumarkandi ákvarðanir sem tengjast eðlilegri virkni skólans.“

**Tafla 17: Hlutfall (%) skólustjóra sem segir að stjórnunarteymi sé starfandi við skólann þeirra.**

Stjórnunarteymi er starfandi við skólann	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
	80,9	82,9	87,8	89,7

Stjórnunarteymi er starfandi við um 80 til 90% skóla í þátttökulöndum og lítill munur á landahópunum.

**Tafla 18: Þeir sem svöruðu „já“ við spurningunni að ofan, þ.e. sögðu að stjórnunarteymi væri starfandi við skólann, voru beðnir um að tilgreina hvort tilteknir aðilar væru í stjórnunarteymi skólans. Hlutfall (%) skólastjóra sem sagði að tiltekinn aðili væri í stjórnunarteymi skólans.**

	Ísland		Norðurlönd		OECD		TALIS	
	„Já“	Á ekki við	„Já“	Á ekki við	„Já“	Á ekki við	„Já“	Á ekki við
Skólastjóri	<b>100</b>	0,0	<b>99,5</b>	0,5	<b>99,2</b>	0,2	<b>99,3</b>	0,2
Aðstoðarskólastjóri	<b>90,9</b>	2,6	<b>83,3</b>	8,9	<b>84,8</b>	7,6	<b>79,5</b>	9,0
Fjármálastjóri	<b>11,6</b>	24,6	<b>21,1</b>	27,7	<b>41,6</b>	21,8	<b>44,2</b>	20,3
Deildarstjórar	<b>82,2</b>	1,7	<b>61,0</b>	10,6	<b>51,2</b>	17,7	<b>56,1</b>	15,6
Kennarar	<b>22,9</b>	12,9	<b>35,8</b>	8,1	<b>54,2</b>	6,9	<b>59,2</b>	5,9
Skólaráð	<b>43,7</b>	12,7	<b>14,0</b>	25,8	<b>38,2</b>	17,4	<b>48,6</b>	14,8
Foreldrar eða forráðamenn	<b>10,3</b>	17,6	<b>4,3</b>	16,9	<b>26,2</b>	14,3	<b>36,6</b>	12,3
Nemendur	<b>13,2</b>	16,2	<b>4,9</b>	15,5	<b>22,3</b>	15,4	<b>31,5</b>	13,8
Aðrir	<b>10,1</b>	18,8	<b>24,4</b>	13,8	<b>22,9</b>	24,6	<b>25,6</b>	23,5

Samsetning stjórnunarteymisins er nokkuð breytileg milli landahópanna. Alls staðar er skólastjóri í stjórnunarteyminu og aðstoðarskólastjórar í um 80 til 90% tilvika í þátttökulöndum. Hér er hins vegar sjaldgæfara að fjármálastjórar, kennarar eða nemendur séu í stjórnunarteymi, í samanburði við hin löndin, og hvergi mjög algengt að meðaltali. Hér á landi er hins vegar mjög algengt að deildarstjórar séu í stjórnunarteymi, ásamt skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

### Ábyrgð á tilteknum verkefnum

Einnig var spurt um hver bæri „umtalsverða ábyrgð“ á tilteknum verkefnum í skólanum. Með „umtalsverðri ábyrgð“ var átt við að viðkomandi tæki virkan þátt í ákvörðunum um umrædd mál. Merkja mátti við fleiri en einn slíkan ábyrgðaraðila fyrir hvert mál/verkefni.

Að neðan (í töflum 19A, 19B, 19C og 19D) er sýnt hlutfall skólastjóra sem segir að tilteknir aðilar beri umtalsverða ábyrgð á ákveðnum þáttum skólastarfsins.

- Tafla 19A: Ísland
- Tafla 19B: Norðurlönd
- Tafla 19C: OECD-lönd
- Tafla 19D: TALIS-lönd

**Tafla 19A: Hlutfall (%) skólastjóra á Íslandi sem segir að tilteknir aðilar beri „umtalsverða ábyrgð“ á ákveðnum þáttum í skólastarfinu.**

	Skólastjóri		Aðrir í stjórnunarteymi skólans		Kennarar (ekki í stjórnunarteymi skólans)		Skólaráð		Ríki/sveitarfélag	
	2018	2013	2018	2013	2018	2013	2018	2013	2018	2013
Val á kennurum til starfa	98,9	96	48,4	37	1,1	0	1,1	2	2,2	8
Brottrekstur kennara	96,7	100	19,8	13	0,0	0	3,3	1	6,6	15
Ákvörðun um byrjunarlaun kennara	7,5	19	1,1	0	0,0	0	0,0	0	96,8	87
Ákvörðun um launahækkanir kennara	6,5	28	1,1	2	0,0	0	1,1	0	96,7	83
Ákvörðun um úthlutun fjármagns innan skólans	53,8	69	15,1	14	2,2	4	1,1	1	61,3	45
Setja agareglur fyrir nemendur	84,8	81	76,1	71	82,6	77	40,2	36	5,4	3
Ákvarða hvernig námsmat skuli fara fram, þ.á m. samræmt námsmat á einstökum landsvæðum eða landinu í heild	67,4	76	56,5	71	62,0	73	5,4	10	45,7	40
Samþykkt á inntöku nemenda í skólann	83,5	82	29,7	29	1,1	4	1,1	3	25,3	38
Val á námsefni	46,7	53	44,6	57	96,7	95	0,0	1	7,6	7
Ákvörðun um innihald námsins, þ.á m. námskrá fyrir einstök landsvæði eða landið í heild	48,4	58	39,6	46	48,4	63	6,6	11	73,6	64
Ákvörðun um hvaða námskeið/námsgreinar eru í boði	77,2	83	57,6	63	48,9	56	6,5	7	55,4	45

Nánast allir skólastjórar hér á landi segjast bera umtalsverða ábyrgð á vali á kennurum til starfa ásamt brottrekstri kennara. Einnig eru þeir mjög atkvæðamiklir varðandi samþykkt á inntöku nemenda í skólann, setningu agareglna og ákvörðunar um hvaða námskeið eða námsgreinar skuli vera í boði.

Ríki/sveitarfélag hafa hins vegar nánast eingöngu á sinni könnu að ákveða byrjunarlaun og launahækkanir kennara.

Skólastjórar og ríki/sveitarfélag skipta milli sín ábyrgð á ákvörðunum um úthlutun fjármagns innan skólans.

Ábyrgð kennarans er mest á vali á námsefni, þótt skólastjóri og aðrir í stjórnunarteymi hafi þar einnig hönd í bagga.

Dreifð ábyrgð er á ákvörðunum um hvernig námsmat skuli fara fram, um innihald námsins og ákvörðun um hvaða námskeið/námsgreinar séu í boði (þótt skólastjóri hafi mest að segja um það síðastnefnda).

Samanburður milli ára er áhugaverður á sumum sviðum. Til dæmis virðist ábyrgð á fjármálum (ákvörðunum um byrjunarlaun, launahækkanir kennara ásamt ákvörðunum um úthlutun fjármagns innan skólans) ekki vera jafnmikið í höndum skólastjóra nú í samanburði við árið 2013. Að sama skapi hefur ríki/sveitarfélag meiri ábyrgð á þessum þáttum, að mati skólastjóra.



Ákvarðanir um val (og brottrekstur) á kennurum virðast nú vera meira í höndum „annarra í stjórnunarteymi“ en var árið 2013. Allir skólastjórar koma að þessum ákvörðunum líka en það verður sem sagt vart við vaxandi hlutverk annarra í stjórnunarteymi í þessum málaflokki. Ríki/sveitarfélög hafa enn þá minna hlutverk nú á þessu sviði miðað við árið 2013 en það var aldrei stórt.

Smávægileg hækkun hefur orðið á öllum prósentutölum sem sýna þátttöku ólíkra aðila í setningu agareglna fyrir nemendur. Ef fleiri koma að slíkum ákvörðunum er það e.t.v. merki um að þessum þætti (agamálum) sé ábótavant í skólum nú í meira mæli en áður.

Ákvarðanir um námsmat, innihald námsins og námsframboð eru nú meira í höndum ríkis/sveitarfélags en áður var (hækkun um u.þ.b. 10 prósentustig). Jafnframt hafa prósentutölur lækkað milli fyrirlagna 2013 og 2018 fyrir alla hina aðilana, þ.e. aðila sem starfa í skólunum sjálfum (skólastjórar, stjórnunarteymi, aðrir kennarar og skólaráð). Varðandi val á námsefninu sjálfu þá eru kennarar (ekki í stjórnunarteymi) ennþá í aðalhlutverki og vísbending um að dregið hafi úr vægi skólastjóra og annarra í stjórnunarteymi á því sviði.

**Tafla 19B: Hlutfall (%) skólastjóra á Norðurlöndum sem segir að tilteknir aðilar beri „umtalsverða ábyrgð“ á ákveðnum þáttum í skólastarfinu.**

	Skólastjóri	Aðrir í stjórnunarteymiskólans	Kennarar (ekki í stjórnunarteymi skólans)	Skólaráð	Ríki/sveitarfélag
Val á kennurum til starfa	92,9	35,9	12,0	12,6	15,1
Brottrekstur kennara	82,2	15,7	0,6	9,5	28,8
Ákvörðun um byrjunarlaun kennara	33,2	6,3	1,0	2,6	74,0
Ákvörðun um launahækkanir kennara	39,7	8,4	1,6	5,5	69,2
Ákvörðun um úthlutun fjármagns innan skólans	84,4	25,5	8,0	19,5	24,5
Setja agareglur fyrir nemendur	87,4	46,2	44,4	29,2	20,4
Ákvarða hvernig námsmat skuli fara fram, þ.á m. samræmt námsmat á einstökum landsvæðum eða landinu í heild	68,9	42,4	44,2	8,4	45,1
Samþykkt á inntöku nemenda í skólann	79,9	21,2	4,6	2,7	31,4
Val á námsefni	50,8	41,2	88,4	3,2	4,8
Ákvörðun um innihald námsins, þ.á m. námskrá fyrir einstök landsvæði eða landið í heild	41,6	31,8	66,9	4,8	50,6
Ákvörðun um hvaða nám-skeið/námsgreinar eru í boði	69,5	39,4	46,1	13,4	44,7

Norðurlöndin eru nokkuð svipuð okkur að meðaltali. Val á kennurum og brottrekstur þeirra er nánast eingöngu á hendi skólastjóra, þó með aðkomu annarra í stjórnunarteymi (í þriðjungi skóla) og ríki sveitarfélaga í um 15% skóla. Ákvörðun um byrjendalaun og launahækkanir er ekki jafnskýrt á hendi ríkis/sveitarfélaga og hér á landi en þó er það helst á sviði fjármálanna sem ríki/sveitarfélög láta til sín taka. Skólastjórar á Norðurlöndunum almennt eru sjálfráðari um úthlutun fjármagns innan skólans, í samanburði við skólastjóra á Íslandi, sem deila þeim ákvörðunum meira með ríki/sveitarfélagi. Kennarinn er með langmest áhrif á val á námsefni, einnig á ákvörðun um innihald námsins. Um þann þátt eru kennarar á Norðurlöndunum sjálfráðari en hér á landi (á Íslandi hefur ríki/sveitarfélag aðeins meiri áhrif á þann þátt en á Norðurlöndunum).

**Tafla 19C: Hlutfall (%) skólastjóra í OECD-löndum sem segir að tilteknir aðilar beri „umtalsverða ábyrgð“ á ákveðnum þáttum í skólastarfinu.**

	Skólastjóri	Aðrir í stjórnunarteymiskólans	Kennarar (ekki í stjórnunarteymi skólans)	Skólaráð	Ríki/sveitarfélag
Val á kennurum til starfa	75,4	28,2	6,9	12,2	27,8
Brottrekstur kennara	66,4	14,8	0,8	16,3	36,2
Ákvörðun um byrjunarlaun kennara	32,5	10,6	0,7	10,6	66,7
Ákvörðun um launahækkanir kennara	33,7	11,7	1,1	12,6	67,8
Ákvörðun um úthlutun fjármagns innan skólans	69,8	33,8	7,6	31,9	28,8
Setja agareglur fyrir nemendur	77,0	56,8	40,3	35,8	13,6
Ákvarða hvernig námsmat skuli fara fram, þ.á m. samræmt námsmat á einstökum landsvæðum eða landinu í heild	60,5	50,5	41,5	17,1	42,0
Samþykkt á inntöku nemenda í skólann	78,1	28,8	7,2	8,9	26,4
Val á námsefni	47,4	47,8	75,1	13,4	13,3
Ákvörðun um innihald námsins, þ.á m. námskrá fyrir einstök landsvæði eða landið í heild	40,4	38,7	51,8	10,1	52,2
Ákvörðun um hvaða nám-skeið/námsgreinar eru í boði	66,9	48,8	39,3	25,4	39,7

Í OECD löndum hafa ríki/sveitarfélög meiri áhrif á val og brottrekstur kennara en á Íslandi þótt þessi liður sé engu að síður að mestu leyti í höndum skólastjóra í OECD löndum að meðaltali. Skólastjórar í OECD löndum hafa aðeins meiri áhrif á laun í samanburði við Ísland. Ríki/sveitarfélög hafa minni afskipti af úthlutun fjármagns innan skólans að meðaltali í OECD löndum, í samanburði við Ísland, þar sem ríki/sveitarfélög hafa meiri afskipti af þeim þætti.

**Tafla 19D: Hlutfall (%) skólastjóra í þátttökulöndum TALIS sem segir að tilteknir aðilar beri „umtalsverða ábyrgð“ á ákveðnum þáttum í skólastarfinu.**

	Skólastjóri	Aðrir í stjórnunarteymiskólans	Kennarar (ekki í stjórnunarteymi skólans)	Skólaráð	Ríki/sveitarfélag
Val á kennurum til starfa	69,3	25,4	5,9	15,1	33,0
Brottrekstur kennara	60,6	16,4	1,8	17,7	39,5
Ákvörðun um byrjunarlaun kennara	27,2	10,5	0,7	9,7	71,1
Ákvörðun um launahækkanir kennara	28,4	11,2	1,2	11,5	72,0
Ákvörðun um úthlutun fjármagns innan skólans	61,9	32,2	6,7	33,6	32,5
Setja agareglur fyrir nemendum	70,6	57,0	37,3	36,0	16,5
Ákvarða hvernig námsmat skuli fara fram, þ.á m. samræmt námsmat á einstökum landsvæðum eða landinu í heild	53,4	48,1	37,3	16,3	49,0
Samþykkt á inntöku nemenda í skólann	72,9	29,1	7,5	11,8	28,9
Val á námsefni	44,2	46,9	67,6	15,0	21,2
Ákvörðun um innihald námsins, þ.á m. námskrá fyrir einstök landsvæði eða landið í heild	36,7	36,7	44,0	11,0	58,7
Ákvörðun um hvaða námskeið/námsgreinar eru í boði	57,4	45,6	32,6	24,1	46,3

Dreifing ábyrgðar í TALIS-löndum að meðaltali er svipuð því sem tíðkast í OECD löndunum (enda er stór hluti TALIS-landa í OECD). Skólastjóri er almennt með mesta ábyrgð á ráðningum og brottrekstri kennara, skólastjóri setur agareglur (í samráði við stjórnunarteymi og í minna mæli kennara og skólaráð) og ákveður úthlutun fjármagns innan skólans í samráði við stjórnunarteymi, skólaráð og ríki/sveitarfélag). Kennarinn ræður mestu um val á námsefni, í samráði við skólastjóra og stjórnunarteymi.

## Viðfangsefni skólastjóra

Skólastjórar voru beðnir um að tilgreina hversu oft þeir hefðu tekið þátt í tilteknum verkefnum í skólanum síðastliðna 12 mánuði.

**Tafla 20: Hlutfall (%) skólastjóra sem segist hafa tekið „oft“ eða „mjög oft“ þátt í neðangreindum verkefnum í skólanum síðastliðna 12 mánuði.**

	Ísland	Ísland 2013	Norðurlönd	OECD	TALIS
Ég vann með kennurum við að leysa agavandamál í kennslustofunni.	44,1	41,5	51,5	58,3	60,1
Ég fylgdist með kennslu í kennslustofunni.	14,0	15,1	15,1	40,5	51,4
Ég veitti kennurum endurgjöf á grundvelli þess sem ég sá.	19,4	–	27,7	49,2	58,0
Ég studdi á virkan hátt samstarf kennara sem eru að þróa nýjar kennsluaðferðir.	59,2	56,7	57,5	58,5	63,1
Ég reyndi að tryggja að kennarar tækju ábyrgð á að bæta kennslufærni sína.	52,7	57,5	51,0	62,6	68,3
Ég reyndi að tryggja að kennurum finnst þeir bera ábyrgð á námsárangri nemenda sinna.	60,2	76,5	56,0	67,9	74,0
Ég upplýsti foreldra eða forráðamenn um frammistöðu skólans og nemendanna.	43,5	49,1	30,8	55,1	61,8
Ég endurskoðaði starfshætti og skýrslur skólans.	59,2	–	41,6	63,7	69,2
Ég leyfði vandamál tengd stundatöflu námsgreina í þessum skóla.	46,2	–	45,9	41,4	45,4
Ég vann með skólastjórum annarra skóla að krefjandi verkefnum.	36,5	–	40,0	37,4	38,4
Ég vann að starfsþróunaráætlun fyrir þennan skóla.	51,6	–	48,4	55,2	61,4

Skólastjórar á Íslandi og á Norðurlöndum fylgjast sjaldnar með kennslu í kennslustofunni en kollegar þeirra í OECD og TALIS-löndum að meðaltali. Einnig sinna þeir minna endurgjöf til kennara. Endurgjöf til foreldra er einnig meiri í OECD og TALIS-löndum almennt en hér á landi og á Norðurlöndum, því skólastjórar upplýsa foreldra minna um frammistöðu skólans og nemendanna á Norðurlöndunum.

Ekki er mikill munur á stöðunni nú og hún var árið 2013. Helst virðist hlutfall þeirra skólastjóra sem reyndu að tryggja að kennarar tækju ábyrgð á að bæta kennslufærni sína hafa lækkað milli fyrirlagna 2013 og 2018.

## KAFLI 8: FORMLEGT MAT Á STÖRFUM KENNARA

Í kaflanum um formlegt mat var „mat“ skilgreint sem skoðun skólastjóra, ytri eftirlitsaðila eða samstarfsaðila á starfi kennara. Mat var skilgreint sem fremur *formleg* nálgun (þ.e. sem hluti af skilgreindu frammistöðumati með skilgreindum aðferðum og viðmiðum), frekar en sem óformleg nálgun (svo sem óformlegt samtal).

Skólastjórar voru spurðir hversu oft, að meðaltali, hver kennari væri formlega metinn í þessum skóla af tilteknum aðilum.

**Tafla 21: Hlutfall (%) skólastjóra sem segir að hver kennari í skólanum sé metinn formlega einu sinni á ári eða oftár af tilteknum aðilum.**

	Ísland	Ísland 2013	Norðurlönd	OECD	TALIS
Skólastjóra	53,9	56,2	59,4	64,4	72,2
Öðrum í stjórnarteymi skólans	36,7	34,3	38,9	49,6	58,6
Starfsmanni sem sinnir nýliðabjálfun	16,7	9,7	16,1	32,1	38,9
Kennurum (sem eru ekki hluti af stjórnarteymi skólans)	9,8	8,7	22,0	30,1	35,9
Utanaðkomandi aðilum (t.d. eftirlitsmönnum, fulltrúum sveitarfélagsins, starfsfólki svæðisskrifstofa eða öðru fólki utan skólans)	5,5	2,9	9,1	19,7	29,3

Formlegt mat á starfi kennara er ekki jafnalgengt á Norðurlöndum (þ. á m. Íslandi) í samanburði við TALIS-löndin almennt. Einnig er kennaramat á vegum annarra í stjórnunarteymi fátítt á Norðurlöndum. Afar sjaldgæft er að kennarar sem ekki eru hluti af stjórnunarteymi taki þátt í mati á starfi annarra kennara á Íslandi og Norðurlöndum en algengara (en þó fremur fátítt) í OECD og TALIS-löndum. Litlar breytingar hafa orðið milli fyrirlagna.

### Grundvöllur formlegs mats

Spurt var hver notaði upplýsingar af ákveðnu tagi við formlegt mat á störfum kennara. Niðurstöður eru sýndar í töflum 22A, 22B, 22C og 22D hér á eftir.

- Tafla 22A: Ísland
- Tafla 22B: Norðurlönd
- Tafla 22C: OECD-lönd
- Tafla 22D: TALIS-lönd

**Tafla 22A: Hlutfall (%) skólastjóra á Íslandi sem segir að tilteknir aðilar noti upplýsingar af ákveðnu tagi við formlegt mat á störfum kennara í skólanum.**

	Ytri aðilar eða stofnanir	Skólastjóri	Fólk í stjórnarteymi skólans	Tilnefndir leiðbeindur	Aðrir kennarar (ekki hluti af stjórnarteyminu)	Ekki notað í þessum skóla	
						2018	2013
Beint eftirlit með kennslu í kennslustofu	22	55	37	6	4	23	28
Skoðanakönnun meðal nemenda um kennslu	17	41	28	1	20	38	28
Mat á þekkingu kennara á kennsluefninu	5	27	17	1	3	60	58,7
Árangur nemenda í ytri prófunum (t.d. niðurstöður úr samræmdum prófum)	43	84	64	3	49	4	7,9
Niðurstöður úr árangursmati í bekknum eða skólanum í heild (t.d. frammistöðumati, útkomu verkefna, prófaniðurstöðum).	13	74	59	3	60	6	–
Sjálfsmat kennara (t.d. kynning á hæfnimöppu, greining á kennslu með notkun myndbanda)	0	31	17	1	26	62	–

Á Norðurlöndum og einkum á Íslandi er hærra hlutfall skólastjóra sem hefur ekki viðhaft beint eftirlit með kennslu. Þó eru það helst skólastjórar og aðrir í stjórnunarteymi sem sinna því. Gildir það einnig um hin Norðurlöndin, OECD og TALIS-löndin að meðaltali. Lítil breyting er hér á landi milli fyrirlagna á þeim sviðum sem spurt var um bæði árin en hærra hlutfall nú notar ekki skoðanakannanir á meðal nemenda um kennslu við formlegt mat á störfum kennara.

Hér á landi er einnig lítið byggt á skoðanakönnunum meðal nemenda um kennslu, í samanburði við hina landahópana. Hér hefur ekki verið byggt á slíkum gögnum við formlegt mat á störfum kennara í um tvöfalt fleiri skólum en í samanburðarlöndunum. Í um 60% skóla hér á landi hefur ekki verið lagt sérstakt mat á þekkingu kennara á kennsluefninu og er það umtalsvert hærra hlutfall en í samanburðarhópum.

Hins vegar er árangur nemenda á ytri prófum (t.d. samræmdum prófum) og niðurstöður úr árangursmati í bekknum eða skólanum í heild oftast lagt til grundvallar við mat á störfum kennara. Slíku mati sinna helst skólastjórar og stjórnunarteymi hér á landi og í öllum þáttökulöndum en einnig kennarar (í minna mæli þó).

**Tafla 22B: Hlutfall (%) skólastjóra á Norðurlöndum sem segir að tilteknir aðilar noti upplýsingar af ákveðnu tagi við formlegt mat á störfum kennara í skólanum.**

	Ytri aðilar eða stofnanir	Skólastjóri	Fólk í stjórnarteymi skólans	Tilnefndir leiðbeinendur	Aðrir kennarar (ekki hluti af stjórnarteyminu)	Ekki notað í þessum skóla
Beint eftirlit með kennslu í kennslustofu	14	69	38	9	21	14
Skoðanakönnun meðal nemenda um kennslu	18	63	45	5	41	18
Mat á þekkingu kennara á kennsluefninu	5	47	28	2	7	44
Árangur nemenda í ytri prófunum (t.d. niðurstöður úr samræmdum prófum)	24	79	64	7	60	5
Niðurstöður úr árangursmati í bekknum eða skólanum í heild (t.d. frammistöðumati, útkomu verkefna, prófaniðurstöðum).	14	76	57	7	51	11
Sjálfsmat kennara (t.d. kynning á hæfni-möppu, greining á kennslu með notkun myndbanda)	1	25	18	4	23	59

Í samanburði við Ísland er árangur nemenda á ytri prófum minna notaður á Norðurlöndum við mat á störfum kennara en á Íslandi. Hins vegar notast skólastjórar meira við beina athugun í kennslustofu og við skoðanakönnun meðal nemenda um kennslu, í samanburði við Ísland.

**Tafla 22C: Hlutfall (%) skólastjóra í OECD-löndum sem segir að tilteknir aðilar noti upplýsingar af ákveðnu tagi við formlegt mat á störfum kennara í skólanum.**

	Ytri aðilar eða stofnanir	Skólastjóri	Fólk í stjórnarteymi skólans	Tilnefndir leiðbeinendur	Aðrir kennarar (ekki hluti af stjórnarteyminu)	Ekki notað í þessum skóla
Beint eftirlit með kennslu í kennslustofu	21	79	50	25	24	4
Skoðanakönnun meðal nemenda um kennslu	16	57	51	12	32	18
Mat á þekkingu kennara á kennsluefninu	16	49	33	11	11	30
Árangur nemenda í ytri prófunum (t.d. niðurstöður úr samræmdum prófum)	32	73	61	13	43	7
Niðurstöður úr árangursmati í bekknum eða skólanum í heild (t.d. frammistöðumati, útkomu verkefna, prófaniðurstöðum).	15	71	62	16	49	6
Sjálfsmat kennara (t.d. kynning á hæfni-möppu, greining á kennslu með notkun myndbanda)	8	47	35	13	24	33

Skólastjórar í OECD löndum að meðaltali notast meira við beint eftirlit með kennslu í kennslustofu við formlegt mat á störfum kennara í samanburði við Ísland. Mun færri skólar í þessum löndum hafa ekki notast við slíkt mat. Skoðanakannanir meðal nemenda og mat á þekkingu kennara er einnig notað meira í OECD löndum að meðaltali en á Íslandi og eru það einkum skólastjórar og aðilar í stjórnunarteymi sem styðjast við slík gögn. Aftur er lægra hlutfall skólastjóra í þessum löndum, sem segir að ekki hafi verið stuðst við slík gögn við mat á störfum kennara.

Skólastjórar og stjórnunarteymi hafa notast við sjálfsmat kennara við mat á störfum þeirra, í meira mæli en á Íslandi.



**Tafla 22D: Hlutfall (%) skólastjóra í TALIS-löndum sem segir að tilteknir aðilar noti upplýsingar af ákveðnu tagi við formlegt mat á störfum kennara í skólanum.**

	Ytri aðilar eða stofnanir	Skólastjóri	Fólk í stjórnarteymi skólans	Tilnefndir leiðbeinendur	Aðrir kennarar (ekki hluti af stjórnarteyminu)	Ekki notað í þessum skóla
Beint eftirlit með kennslu í kennslustofu	21	79	55	27	23	3
Skoðanakönnun meðal nemenda um kennslu	16	54	53	14	29	17
Mat á þekkingu kennara á kennsluefninu	20	51	40	14	11	24
Árangur nemenda í ytri prófunum (t.d. niðurstöður úr samræmdum prófum)	35	69	60	14	37	8
Niðurstöður úr árangursmati í bekknum eða skólanum í heild (t.d. frammistöðumati, útkomu verkefna, prófaniðurstöðum).	17	70	65	17	43	5
Sjálfsmat kennara (t.d. kynning á hæfnimöppu, greining á kennslu með notkun myndbanda)	11	49	41	16	24	28

Skólastjórar eða stjórnunarteymi í TALIS-löndum að meðaltali nýta meira beint eftirlit með kennslu, skoðanakannanir um kennslu meðal nemenda og mat á þekkingu kennara á kennsluefninu við formlegt mat á störfum kennara, í samanburði við Ísland. Í lægra hlutfalli skóla í TALIS-löndum hefur slíkt efni ekki verið notað við mat á störfum kennara.

Sjálfsmatsefni frá kennurum (t.d. kynning á hæfnimöppu, greining á kennslu með notkun myndbanda o.s.frv.) er meira notað af skólastjórum og stjórnendateymi í TALIS-löndum en á Íslandi. Jafnframt segir lægra hlutfall skólastjóra að slíkt efni hafi ekki verið notað við formlegt mat á störfum kennara.

## Ráðstafanir í framhaldi af mati

Spurt var um afleiðingar kennaramats, til hvers konar ráðstafana væri gripið í framhaldinu.

**Tafla 23: Hlutfall (%) skólastjóra sem segir að eftirfarandi eigi sér stað í skólanum oftast eða alltaf í framhaldi af kennaramati.**

	Ísland	Ísland 2013	Norðurlönd	OECD	TALIS
Mögulegar aðgerðir til að bæta úr veikleikum í kennslunni eru ræddar við kennarann.	43,4	65,0	45,7	62,5	68
Próunar- eða þjálfunar-áætlun er gerð fyrir hvern kennara.	9,6	20,3	31,9	45,4	50,2
Gripið er til fjárhagslegra refsiaðgerða, t.d. dregið úr árlegum launahækkunum.	0	1,2	3,3	2,6	3,1
Skipaður er leiðbeinandi til að hjálpa kennaranum að bæta kennslu sína.	4,8	8,4	12,8	17,6	22,6
Breyting er gerð á vinnuskyldu kennara (t.d. með því að auka eða minnka kennslu eða umsjónar- og stjórnunarstörf hans eða hennar).	7,1	8,4	13,8	9,2	11,0
Laun kennara eru hækkuð eða kaupauki greiddur.	0	1,2	6,7	10,6	13,9
Breyting á líkum á stöðuhækkun kennara.	1,2	8,4	3,6	7,3	10,3
Uppsögn eða ráðningarsamningur ekki endurnýjaður.	1,2	3,6	1,5	2,3	2,6

Refsingar (lækkun launa, minni líkur á stöðuhækkun eða uppsögn) eru mjög fátíðar afleiðingar kennaramats í öllum þáttökulandahópum að meðaltali og sjaldgæfastar á Íslandi. Mest er um það, hér á landi, að ræddar séu aðgerðir við kennarana til þess að bæta úr veikleikum í kennslunni í framhaldi af kennaramati. Þó er einnig sjaldgæft hér á landi (og litlu algengara í öðrum landahópum) að skipaður sé leiðbeinandi til að hjálpa kennaranum að bæta kennslu sína, eða að breyting sé gerð á vinnuskyldu kennara í ljósi frammistöðunnar. Þetta er alls staðar sjaldgæft (að meðaltali) og fátíðast á Íslandi.

## Kafli 9: SKÓLABRAGUR

Skólastjórar voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru ýmsum fullyrðingum um skólabrag.

### Samkennd og ábyrgð

Tafla 24: Hlutfall (%) skólastjóra sem er sammála eða mjög sammála ýmsum fullyrðingum um skólabrag.

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Þessi skóli veitir starfsfólki tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.	100,0	99,0	98,1	97,8
Þessi skóli veitir foreldrum eða forráðamönnum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.	89,0	75,8	82,4	83,1
Þessi skóli veitir nemendum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.	84,8	83,5	80,1	80,8
Í skólanum er hefð fyrir því að menn deili með sér ábyrgð á málefnum skólans.	87,0	90,6	87,7	88,6
Ég tek mikilvægar ákvarðanir sjálf(ur).	68,5	31,0	28,6	28,8
Í skólanum ríkir andi samvinnu sem einkennist af gagnkvæmum stuðningi.	97,8	95,2	94,9	94,9
Starfsfólk skólans hefur sameiginlega sýn á kennslu og nám.	81,5	78,6	84,7	87,0
Starfsfólk skólans gætir samræmis þegar það framfylgir reglum sem lúta að hegðun nemenda.	82,4	65,9	82,0	85,7
Starfsfólk skólans er hvatt til að sýna frumkvæði.	98,9	98,5	97,7	98,0
Kennurum og nemendum kemur yfirleitt vel saman.	96,7	99,1	98,7	98,4
Kennarar geta treyst hver á annan.	95,6	95,3	95,4	95,8

Lítill munur er á landahópunum í svörum við ýmsum viðhorfaspurningum um skólann sem fjalla að mestu leyti um dreifingu ábyrgðar. Benda niðurstöður til þess að skólastjórar víðast hvar telji skólann sinn veita starfsfólki, foreldrum og nemendum tækifæri til þess að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann. Íslensku skólastjórnir eru þó enn frekar sammála því að þeir taki *mikilvægar ákvarðanir sjálfir* í samanburði við önnur þáttökulönd að meðaltali.

Skólastjórar eru víðast hvar sammála því að í skólanum ríki andi samvinnu og gagnkvæms stuðnings, starfsfólk hafi sameiginlega sýn á kennslu og nám, gæti samræmis í því hvernig reglum er framfylgt, að kennurum og nemendum komi vel saman og að þeir geti treyst hver á annan.

## Markmið og metnaður

Spurt var að hve miklu leyti ýmsar fullyrðingar ættu við skólann, að mati skólastjórans.

**Tafla 25: Hlutfall (%) skólastjóra sem segir að tiltekna fullyrðingar eigi við skólann að mjög miklu leyti.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Kennarar skilja markmið skólanámskrár.	25,8	34,4	37,6	41,3
Kennurum tekst að framfylgja skólanámskrá.	12,9	20,2	32,0	35,0
Kennarar hafa miklar væntingar um árangur nemenda.	33,3	34,4	32,2	32,8
Foreldrar/forráðamenn styðja við árangur nemenda.	12,0	12,1	15,4	16,6
Foreldrar/forráðamenn taka virkan þátt í starfsemi skólans.	4,3	6,3	10,0	10,9
Nemendur vilja standa sig vel í skólanum.	8,6	21,0	21,5	24,1
Samstarf milli skólans og nærsamfélagsins er mikið.	15,1	11,6	26,8	28,6

Á Íslandi telja skólastjórar ekki í jafnmiklum mæli og skólastjórar í öðrum löndum að meðaltali, að kennarar skilji markmið skólanámskrár eða að þeim takist að framfylgja þeim markmiðum. Fullyrðingar um þessi efni eru færri sammála hér á landi en í samanburðarlöndunum. Þó er víðast aðeins um og yfir þriðjungur sammála því að skilningur og framkvæmd skólanámskrár séu fullnægjandi.

Færri skólastjórar hér á landi, í samanburði við meðaltal annarra landahópa, telja að nemendur vilji standa sig vel í skólanum.

## Kafli 10: STARFSÁNÆGJA

Skólastjórar voru spurðir hversu mörg ár til viðbótar þeir vildu starfa áfram sem skólastjórar.

**Tafla 26: Meðalárafjöldi (og staðalfrávik) sem skólastjórar vilja starfa áfram sem skólastjórar.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Árafjöldi fram undan í starfi skólastjóra	6,4 (4,4)	8,7 (6,4)	7,7 (5,7)	7,7 (5,8)

Framtíðarárafjöldi í starfi sem skólastjóri er í styttra lagi hér á landi.

### Álag og starfsánægja

Spurt var um ýmis atriði varðandi starfsánægju og streituvalda.

**Tafla 27: Hlutfall (%) skólastjóra sem segir að tiltekin atriði valdi þeim streitu að þó nokkru leyti eða að mjög miklu leyti.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Að þurfa að sinna kennaramati í of miklum mæli	14,3	15,9	27,0	29,4
Að þurfa að sinna of mikilli skrifinnsku (t.d. að fylla út eyðublöð)	65,2	65,2	69,0	65,7
Aukaálag vegna fjarveru starfsfólks skólans	70,7	43,3	35,3	34,8
Að vera gerð(ur) ábyrg(ur) fyrir árangri nemenda	28,6	23,2	45,3	49,8
Að halda uppi aga í skólanum	30,4	20,5	41,0	43,8
Að vera ógnað eða verða fyrir áreitni/svívirðingum af hendi nemenda	9,7	3,4	5,6	7,5
Að halda í við breytilegar kröfur ríkis/sveitarfélags	47,8	44,3	54,8	53,1
Að taka á þeim áhyggjum sem foreldrar eða forráðamenn kunna að viðra	38,1	36,4	46,3	43,0
Að mæta þörfum nemenda með sérþarfir	40,2	39,0	29,7	26,6

Streituvaldar hér á landi eru einkum tengdir fjarveru starfsfólks, skrifinnsku og því að halda í við breytilegar kröfur ríkis/sveitarfélags. Einnig veldur það nokkurri streitu að mæta þörfum nemenda með sérþarfir og áhyggjum foreldra. Erum við lík Norðurlöndum að flestu leyti, nema hvað streita vegna fjarvasta starfsfólks – og agamála að nokkru leyti – er meiri hér á landi.

Streita vegna þess að skólastjóri þarf að sinna kennaramati er minni á Norðurlöndum (enda minna stundað) en í OECD og TALIS-löndum að meðaltali. Einnig er í OECD og TALIS-löndum meiri streita vegna breytilegra krafna ríkis/sveitarfélags, að vera gerður ábyrgur fyrir árangri nemenda og að taka á áhyggjum foreldra.

Skólustjórur voru spurðir hvað þeim fyndist um starf sitt.

**Tafla 28: Skólustjórur (%) sem voru sammála eða mjög sammála tilteknum fullyrðingum um starfið.**

	Ísland	Ísland 2013	Norðurlönd
Kostir þessa starfs vega mun þyngra en ókostirnir.	94,7	96,2	92,3
Ef ég gæti valið aftur um starf myndi ég einnig velja þetta starf eða þessa stöðu.	83,8	89,4	88,2
Ég myndi vilja skipta um skóla ef það væri mögulegt.	19,3	16,4	13,9
Ég sé eftir að hafa ákveðið að verða skólustjóri.	9,7	4,8	6,4
Mér líkar vel að starfa í þessum skóla.	94,5	96,2	96,3
Ég velti því fyrir mér hvort það hefði verið betra að velja annað starf.	29,0	–	23,3
Ég myndi mæla með þessum skóla sem góðum vinnustað.	97,9	94,3	96,5
Ég held að kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu.	32,3	44,2	45,8
Ég er ánægð(ur) með frammistöðu mína í þessum skóla.	95,7	96,2	95,8
Í heildina er ég sátt(ur) við starf mitt.	92,5	97,1	94,6

Skólustjórur í þátttökulöndum eru almennt ánægðir í heildina með starf sitt, eða vel yfir 90%. Á Íslandi og á Norðurlöndum almennt eru kostir starfsins taldir vega þyngra en gallarnir í yfir 90% tilvika.

Samanburður milli fyrirlagna sýnir ekki ýkja mikinn mun milli 2013 og 2018 en tilhneiging er þó til minni starfsánægju nú.

**Tafla 29: Skólustjórur (%) sem voru sammála eða mjög sammála tilteknum fullyrðingum um starfið.**

	Ísland	Norðurlönd	OECD	TALIS
Ég er sátt(ur) við launin sem ég fæ fyrir vinnu mína.	31,2	51,8	47,2	48,0
Burtséð frá laununum er ég ánægð(ur) með það sem kveðið er á um í ráðningarsamningi mínum (t.d. starfsréttindi, vinnuskipulag).	64,6	65,8	66,3	66,0
Ég er sátt(ur) við þann stuðning sem ég fæ frá starfsfólki skólans.	90,4	91,7	91,2	92,3
Ég þarfnast meiri stuðnings frá ríki/sveitarfélagi.	72,0	49,0	64,9	70,6
Ég hef engin áhrif á ýmsar ákvarðanir sem skipta máli fyrir starf mitt.	51,1	31,3	31,8	33,8

Mun fleiri segjast þurfa meiri stuðning frá ríki/sveitarfélagi hér á landi en í öðrum þátttökulöndum að meðaltali. Einnig telja skólustjórur hér að þeir hafi engin áhrif á ýmsar ákvarðanir sem skipta máli fyrir starfið. Færri hér á landi (um þriðjungur) er sáttur við launin, en helmingur er sáttur við launin í hinum löndunum, að meðaltali.

## IV. SAMANTEKT

### I KENningar Á UNGLINGASTIGI

#### KAFLI 2: ENDURGJÖF

- Á Norðurlöndum og sérstaklega á Íslandi er endurgjöf frá skólastjóra eða stjórnunarteymi skólans sjaldgæfari en í OECD og TALIS-löndum að meðaltali. Víða hafa helmingi færri kennarar á Norðurlöndum fengið endurgjöf frá skólastjóra eða stjórnunarteymi skólans í samanburði við hin löndin að meðaltali.
- Á Norðurlöndum eru gögn sem byggja á beinni athugun á kennslu kennarans í bekknum eða á grundvelli niðurstaðna á árangursmati nemenda (í samræmdum prófum, verkefnum eða öðru námsmati) algengust sem grundvöllur endurgjafar frá skólastjóra eða stjórnunarteymi. Þó hefur aðeins rétt um fjórðungur fengið endurgjöf á grundvelli slíkra gagna.
- Endurgjöf skólastjóra eða stjórnunarteymis eftir beina athugun á kennslu kennarans í bekknum er ríflega tvöfalt algengari í OECD og TALIS að meðaltali en hér á landi og á Norðurlöndum almennt.
- Endurgjöf ytri aðila eða stofnana er fátíð hér á landi og á Norðurlöndum og sjaldgæfari en í OECD og TALIS-löndum almennt. Raunar er hlutfallið lágt í öllum landahópnum.
- Endurgjöf frá öðrum samstarfsmönnum skólans (ekki í stjórnunarteymi) er einnig mjög sjaldgæf á Íslandi og á Norðurlöndum almennt og raunar ekki algeng í OECD eða TALIS-löndum að meðaltali heldur, þótt þær tölur séu mun hærrí en á Íslandi. Aðeins um 15% kennara hafa fengið endurgjöf frá samstarfsmönnum eftir beina athugun á kennslu í bekknum en hjá samanburðarhópnum (Norðurlöndum, OECD og TALIS) er þetta hlutfall tvöfalt herra.
- Kennslukannanir nemenda virðast gegna mjög litlu hlutverki við endurgjöf hér á landi (7% hafa fengið endurgjöf á grundvelli slíkra gagna hér) og aðeins um fimmtungur hefur fengið endurgjöf á þeim grundvelli í OECD og TALIS löndum að meðaltali.
- Eins og ráða má af framansögðu þá er mun herra hlutfall kennara hér á landi (og á Norðurlöndum) sem hefur aldrei fengið endurgjöf frá ytri aðilum, skólastjórnendum eða samstarfsmönnum, á grundvelli margvíslegra gagna, í samanburði við OECD og TALIS-lönd að meðaltali. Þó eru vísbendingar um að endurgjöf sé meiri nú hér á landi en hún var 2013. Flestir kennara á Norðurlöndum hafa ekki fengið endurgjöf á grundvelli athugana á beinni kennslu, kennslukannana, mats á þekkingu kennarans, getu nemenda eða t.d. sjálfsmatsmöppu.
- Þótt fáir segist hafa fengið endurgjöf á Íslandi og Norðurlöndum, í samanburði við önnur þátttökulönd að meðaltali, þá er ekki þar með sagt að sú endurgjöf sem veitt er sé ekki talin árangursrík. Ríflega helmingur þeirra sem fengið hafa endurgjöf um þekkingu og skilning þeirra á helstu kennslugrein, færni í kennslufræði faggreinar, notkun á námsmati og bekkjarstjórnun, telja að hún hafi haft jákvæð áhrif á þessa tilteknu þætti í kennslunni.

#### KAFLI 4: KENNSLA Í TILTEKNUM BEKK EÐA KENNSLUHÓPI

- Hlutfall nemenda með annað móðurmál, innflytjenda eða af erlendum uppruna, er fremur hátt hér á landi og á Norðurlöndum í samanburði við OECD og TALIS meðaltölin. Jafnframt eru nemendur með sérþarfir sagðir fleiri hér á landi og á Norðurlöndum en í samanburðarhópum. Á Norðurlöndum eru færri börn frá heimilum sem standa illa fjárhaglega eða félagslega, í samanburði við OECD og TALIS-lönd að meðaltali. Hlutfall nemenda með annað móðurmál hér á landi hefur aukist miðað við 2013.

#### KAFLI 5: SKÓLABRAGUR OG STARFSÁNÆGJA

- *Samvinna*: Um 70 til 80% kennara í þátttökulöndum eru sammála því að skólinn veiti starfsfólki, foreldrum eða nemendum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann. Flestir eru einnig sammála því að í skólanum ríki andi samvinnu og gagnkvæms stuðnings, að starfsfólk skólans hafi sameiginlega sýn á kennslu og nám, að það gæti samræmis við að framfylgja reglum sem lúta að hegðun nemenda og að starfsfólkið sé hvatt til þess að sýna frumkvæði.
- Lítið eitt hærra hlutfall kennara á Íslandi (ríflega helmingur) upplifir *streitu* í vinnunni í samanburði við önnur lönd, þ. á m. Norðurlönd. Munurinn er þó ekki mikill. Færri kennarar á Íslandi sögðust hafa nægan tíma til þess að sinna persónulegum hugðarefnum. Minna hlutfall, um fimmtungur (og svipað í flestum löndum), kvartaði yfir því að starfið hefði slæm áhrif á andlega eða líkamlega heilsu.
- Í samanburði við önnur lönd var *minni* streita hér á landi tengd því að of mikil vinna væri við undirbúning fyrir kennslustundir eða yfirferð prófa og verkefna. Einnig olli það síður streitu á Íslandi og á Norðurlöndum að vera gerður ábyrgur fyrir árangri nemenda.
- *Meiri* streita hér á landi tengdist því að halda í við breytilegar kröfur ríkis/sveitarfélags og álagi vegna fjarvista kennara. Á Norðurlöndum var almennt meiri streita í tengslum við að breyta kennslunni svo hún gagnaðist nemendum með sérþarfir.



## II SKÓLASTJÓRAR Á UNGLINGASTIGI

### KAFLI 6: ALMENNAR UPPLÝSINGAR

- Þótt starfsmannavelta virðist há hér á landi (með um 17% nýjum kennurum á síðustu 12 mánuðum) þá virðist hún hærri í samanburðarlöndum OECD og TALIS en hér svipuð hinum Norðurlöndunum. Fjarvistir kennara eru svipaðar hér á landi og í samanburðarhópunum almennt.
- Algengt er hér á landi að nemendum á yngsta- og miðstigi sé kennt við sama skóla og nemendum á unglिंगastigi. Það er algengara en í löndum í samanburðarhópum. Fátíðara er hins vegar að nemendum á framhaldskólastigi sé kennt í skólum á unglिंगastigi en það tíðkast í um þriðjungunni unglिंगastigsskóla í samanburðarlöndum OECD og TALIS að meðaltali.
- Fremur fátítt er það hér á landi að skólastjórar segi skólann vera í samkeppni við aðra skóla um nemendur. Einangrun skólanna og fámenni samfélaganna kemur ef til vill þarna við sögu.

### KAFLI 7: SKÓLAFORYSTA OG ÁBYRGÐ

- Samsetning stjórnunarteymisins er nokkuð breytileg milli landahópanna. Alls staðar er skólastjóri í stjórnunarteyminu og aðstoðarskólastjórar í um 80 til 90% tilvika í þátttökulöndum. Hér er hins vegar sjaldgæfara að fjármálastjórar, kennarar eða nemendur séu í stjórnunarteymi, í samanburði við hin löndin, og hvergi mjög algengt að meðaltali. Hér á landi er hins vegar mjög algengt að deildarstjórar séu í stjórnunarteymi, ásamt skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.
- Nánast allir skólastjórar hér á landi segjast bera umtalsverða ábyrgð á vali á kennurum til starfa ásamt brottrekstri kennara. Einnig eru þeir mjög atkvæðamiklir varðandi samþykkt á inntöku nemenda í skólann, setningu agareglna og ákvörðunar um hvaða námskeið eða námsgreinar skuli vera í boði.
- Ríki/sveitarfélag hafa hins vegar nánast eingöngu á sinni könnu að ákveða byrjunarlaun og launahækkunarir kennara.
- Skólastjórar og ríki/sveitarfélag skipta milli sín ábyrgð á ákvörðunum um úthlutun fjármagns innan skólans.
- Ábyrgð kennarans er mest á vali á námsefni, þótt skólastjóri og aðrir í stjórnunarteymi hafi þar einnig hönd í bagga.
- Dreifð ábyrgð er ákvörðun um hvernig námsmat skuli fara fram, um innihald námsins og ákvörðun um hvaða námskeið/námsgreinar séu í boði (þótt skólastjóri hafi mest að segja um það síðastnefnda).
- Samanburður við svör skólastjóra árið 2013 bendir til þess að ríki/sveitarfélög hafi fjármálin enn frekar á sinni könnu en að hlutverk skólastjóra á þeim sviðum minnki. Hér er átt við ákvarðanir um laun og úthlutun fjármagns innan skólans. Afskipti skólastjóra af launum voru aldrei mikil en hafa minnkað enn frekar. Ríki/sveitarfélög hafa meira hönd í bagga með úthlutun fjármagns innan skólans en áður var en skólastjóri er þar þó áfram í aðalhlutverki.
- Fleiri aðilar koma árið 2018 að setningu agareglna fyrir nemendur en var árið 2013.
- Ákvarðanir um námsmat, innihald námsins og námsframboð eru nú meira í höndum ríkis/sveitarfélaga en áður var en hækkunin er ekki mikil.

- **Norðurlöndin** eru nokkuð svipuð okkur að meðaltali. Val á kennurum og brottrekstur þeirra er nánast eingöngu á hendi skólastjóra, þó með aðkomu annarra í stjórnunarteymi (í þriðjungi skóla) og ríki sveitarfélaga í um 15% skóla. Ákvarðanir um byrjendalaun og launahækkanir eru ekki jafnskýrt á hendi ríkis/sveitarfélaga og hér á landi en þó er það helst á sviði fjármálanna sem ríki/sveitarfélag láta til sín taka. Skólastjórar á Norðurlöndunum almennt eru sjálfráðari um úthlutun fjármagns innan skólans, í samanburði við skólastjóra á Íslandi, sem deila þeim ákvörðunum meira með ríki/sveitarfélagi. Kennarinn er með lagnmest áhrif á val á námsefni, einnig á ákvörðun um innihald námsins. Um þann þátt eru kennarar á Norðurlöndunum sjálfráðari en hér á landi (á Íslandi hefur ríki/sveitarfélag aðeins meiri áhrif á þann þátt en á Norðurlöndunum).
- Í OECD löndum hafa ríki/sveitarfélög meiri áhrif á val og brottrekstur kennara en á Íslandi þótt þessi liður sé engu að síður að mestu leyti í höndum skólastjóra í OECD löndum að meðaltali. Skólastjórar í OECD löndum hafa aðeins meiri áhrif á laun í samanburði við Ísland. Ríki/sveitarfélag hafa minni afskipti af úthlutun fjármagns innan skólans að meðaltali í OECD löndum, í samanburði við Ísland, þar sem ríki/sveitarfélög hafa meiri afskipti af þeim þætti.
- Skólastjórar á Íslandi og á Norðurlöndum fylgjast sjaldnar með kennslu í kennslustofunni en kollugar þeirra í OECD og TALIS-löndum að meðaltali. Einnig sinna þeir minna endurgjöf til kennara. Endurgjöf til foreldra er einnig meiri í OECD og TALIS-löndum almennt en hér á landi og á Norðurlöndum, því skólastjórar upplýsa foreldra minna um frammistöðu skólans og nemendanna á Norðurlöndunum.

## KAFLI 8: FORMLEGT MAT Á STÖRFUM KENNARA

- Formlegt mat á starfi kennara er ekki jafnalgengt á Norðurlöndum (þ. á m. Íslandi) í samanburði við TALIS-löndin almennt. Einnig er kennaramat á vegum annarra í stjórnunarteymi fátítt á Norðurlöndum. Afar sjaldgæft er að kennarar sem ekki eru hluti af stjórnunarteymi taki þátt í mati á starfi annarra kennara á Íslandi og Norðurlöndum en algengara (en þó fremur fátítt) í OECD og TALIS-löndum.
- Á Norðurlöndum og einkum á Íslandi er hærra hlutfall skólastjóra sem hefur ekki viðhaft beint eftirlit með kennslu. Þó eru það helst skólastjórar og aðrir í stjórnunarteymi sem sinna því. Gildir það einnig um hin Norðurlöndin, OECD og TALIS-löndin að meðaltali.
- Hér á landi er einnig lítið byggt á skoðanakönnunum meðal nemenda um kennslu, í samanburði við hina landahópana. Hér hefur ekki verið byggt á slíkum gögnum við formlegt mat á störfum kennara í um tvöfalt fleiri skólum en í samanburðarlöndunum. Í um 60% skóla hér á landi hefur ekki verið lagt sérstakt mat á þekkingu kennara á kennsluefninu og er það umtalsvert hærra hlutfall en í samanburðarhópum.
- Hins vegar er árangur nemenda á ytri prófum (t.d. samræmdum prófum) og niðurstöður úr árangursmati í bekknum eða skólanum í heild oftast lagt til grundvallar við mat á störfum kennara hér. Slíku mati sinna helst skólastjórar og stjórnunarteymi hér á landi og í öllum þátttökulöndum en einnig kennarar (í minna mæli þó).
- Í samanburði við Ísland er árangur nemenda á ytri prófum minna notaður á *Norðurlöndum* við mat á störfum kennara en á Íslandi. Hins vegar notast skólastjórar meira við beina athugun í kennslustofu og við skoðanakönnun meðal nemenda um kennslu, í samanburði við Ísland.

- Skólastjórar í OECD löndum að meðaltali notast meira við beint eftirlit með kennslu í kennslu- stofu en við formlegt mat á störfum kennara. Mun færri í þessum löndum hafa ekki notast við slíkt mat. Skoðanakannanir meðal nemenda og mat á þekkingu kennara er einnig notað meira í OECD löndum að meðaltali en á Íslandi og eru það einkum skólastjórar og aðilar í stjórnunarteymi sem styðjast við slík gögn. Aftur er lægra hlutfall skólastjóra í þessum löndum, sem segir að ekki hafi verið stuðst við slík gögn við mat á störfum kennara.
- Skólastjórar og stjórnunarteymi hafa notast við sjálfsmat kennara við mat á störfum þeirra, í meira mæli en á Íslandi.
- Refsingar (lækkun launa, minni líkur á stöðuhækkun eða uppsögn) eru mjög fátíðar afleiðingar kennaramats í öllum þáttökulandahópum að meðaltali og sjaldgæfastar á Íslandi. Mest er um það, hér á landi, að ræddar séu aðgerðir við kennarana til þess að bæta úr veikleikum í kennslunni.

## KAFLI 9: SKÓLABRAGUR

- Lítil munur er á landahópunum í svörum við ýmsum viðhorfaspurningum um skólann sem fjalla að mestu leyti um dreifingu ábyrgðar. Benda niðurstöður til þess að skólastjórar víðast hvar telji skólann sinn veita starfsfólki, foreldrum og nemendum tækifæri til þess að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann. Íslensku skólastjórnarnir eru þó enn frekar sammála því að þeir taki *mikilvægar ákvarðanir sjálfir* í samanburði við önnur þáttökulönd að meðaltali.
- Skólastjórar eru víðast hvar sammála því að í skólanum ríki andi samvinnu og gagnkvæms stuðnings, starfsfólk hafi sameiginlega sýn á kennslu og nám, gæti samræmis í því hvernig reglum er framfylgt, að kennurum og nemendum komi vel saman og að þeir getir treyst hver á annan.
- Á Íslandi telja skólastjórar ekki í jafnmiklum mæli og skólastjórar í öðrum löndum að meðaltali, að kennarar skilji *markmið skólanámskrár* eða að þeim takist að *framfylgja* þeim markmiðum. Fullyrðingum um þessi efni eru færri sammála hér á landi en í samanburðarlöndunum. Þó er víðast aðeins um og yfir þriðjungur sammála því að skilningur og framkvæmd skólanámskrár séu fullnægjandi.
- Færri skólastjórar hér á landi, í samanburði við meðaltal annarra landahópa, telja að nemendur vilji standa sig vel í skólanum.

## KAFLI 10: STARFSÁNÆGJA

- Streituvaldar hér á landi eru einkum tengdir fjarveru starfsfólks, skrifinnsku og því að halda í við breytilegar kröfur ríkis/sveitarfélags. Einnig veldur það nokkurri streitu að mæta þörfum nemenda með sérþarfir og áhyggjum foreldra. Erum við lík Norðurlöndum að mestu leyti, nema hvað streita vegna fjarvista starfsfólks – og agamála að nokkru leyti – er meiri hér á landi.
- Streita vegna þess að skólastjóri þarf að sinna kennaramati er minni á Norðurlöndum (enda minna stundað) en í OECD og TALIS-löndum að meðaltali. Einnig er í OECD og TALIS-löndum meiri streita vegna breytilegra krafna ríkis/sveitarfélags, að vera gerður ábyrgur fyrir árangri nemenda og að taka á áhyggjum foreldra.
- Skólastjórar í þáttökulöndum eru almennt ánægðir í heildina með starf sitt, eða vel yfir 90%. Á Íslandi og á Norðurlöndum almennt eru kostir starfsins taldir vega þyngra en gallarnir í yfir 90% tilvika en um 75% skólastjóra í OECD og TALIS-löndum líta þannig á málin.

## TÖFLUYFIRLIT

<b>Tafla 1:</b> Hlutfall (%) kennara sem segir tiltekinn fjölda nemenda vera með sérþarfir í bekkjum/kennsluhópum sem hann kennir. . . . .	5
<b>Tafla 2:</b> Hlutfall kennara sem segir að tilteknar námsgreinar hafi verið hluti af formlegri menntun þeirra og að þeir kenni þær á unglingastigi á yfirstandandi skólaári. . . . .	5
<b>Tafla 3A:</b> Hlutfall (%) kennara sem segir að <i>ytri aðilar</i> eða stofnanir hafi veitt sér endurgjöf. Átt var við eftirlitsaðila, fulltrúa sveitarfélags eða skólaskrifstofu eða aðra aðila utan skólans. . . . .	8
<b>Tafla 3B:</b> Hlutfall (%) kennara sem segir að <i>skólastjóri eða stjórnarteymi skólans</i> hafi veitt sér endurgjöf. . . . .	9
<b>Tafla 3C:</b> Hlutfall (%) kennara sem segir að <i>aðrir samstarfsmenn í skólanum</i> (ekki í stjórnarteymi skólans) hafi veitt sér endurgjöf. . . . .	10
<b>Tafla 3D:</b> Hlutfall (%) kennara sem segir að <i>þeir hafi aldrei fengið þess háttar endurgjöf í þessum skóla</i> . . . . .	11
<b>Tafla 4:</b> Hlutfall (%) kennara sem segir að endurgjöfin hafi haft einhver jákvæð áhrif á kennsluaðferðir þeirra. Aðeins þeir svara spurningunni, sem <i>fengu</i> endurgjöf frá ytri aðila, skólastjóra eða stjórnarteymi, eða öðrum samstarfsmönnum í skólanum sbr. spurninguna að ofan. . . . .	12
<b>Tafla 5:</b> Hlutfall (%) kennara sem segir að endurgjöf sem þeir fengu frá tilteknum aðilum á sl. 12 mánuðum hafi haft einhver <i>jákvæð</i> áhrif á tiltekna þætti í kennslunni. . . . .	12
<b>Tafla 6:</b> Hlutfall (%) kennara sem segist sinna tilteknum störfum 1–3 sinnum í mánuði eða oftar. . . . .	13
<b>Tafla 7:</b> Hlutfall (%) kennara sem segir að 11% eða hærra hlutfall nemenda í bekkjum/kennsluhópnum sé með annað móðurmál, litla námshæfni, með sérþarfir, hegðunarfrávik, standa illa efnahagslega eða félagslega, með mikla námshæfni, innflytjandi eða af erlendum uppruna eða flóttamenn. . . . .	14
<b>Tafla 8:</b> Hlutfall (%) kennara sem segir að bekkurinn sem þeir voru beðnir um að lýsa sé aðallega eða eingöngu skipaður nemendum með sérþarfir. . . . .	15
<b>Tafla 9:</b> Hlutfall (%) kennara sem segist hafa kennt bekkjum/kennsluhópnum tiltekna námsgrein (sl. þriðjudag eftir kl. 11). . . . .	15
<b>Tafla 10:</b> Hversu góða stjórn segjast kennarar hafa á tilteknum atriðum í skipulagningu og kennslu tiltekins bekkjar/kennsluhóps. Hlutfall (%) sem segist mjög sammála því að hann/hún hafi góða stjórn á tilteknum atriðum. . . . .	17
<b>Tafla 11:</b> Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála tilteknum fullyrðingum um skólann. . . . .	17
<b>Tafla 12:</b> Meðalárafjöldi (og staðalfrávik) sem kennarar segjast myndu vilja starfa áfram sem kennari. . . . .	18
<b>Tafla 13:</b> Hlutfall (%) kennara sem segist finna fyrir tilteknum streitueinkennum í starfi að þó nokkru leyti eða að mjög miklu leyti. . . . .	19
<b>Tafla 14:</b> Hlutfall (%) kennara sem segir að tiltekin atriði valdi þeim streitu að þó nokkru leyti eða að mjög miklu leyti. . . . .	19
<b>Tafla 15:</b> Fjöldi kennara sem hóf störf, lét af störfum (hvort tveggja síðustu tólf mánuði) eða var fjarverandi síðasta þriðjudag þegar skólinn var starfandi. Sýnt er hlutfall skólastjóra sem segja að þessi fjöldi sé 6–10 eða fleiri. . . . .	21
<b>Tafla 16A:</b> Hlutfall (%) skólastjóra sem segir að tiltekin námsstig eða námsþættir sé kenndir við skólann. . . . .	21
<b>Tafla 16B:</b> Hlutfall (%) skólastjóra sem segir að skólinn sé í samkeppni við engan, einn eða tvo eða fleiri skóla um nemendur. . . . .	22

<b>Tafla 17:</b> Hlutfall (%) skólustjóra sem sögðu að stjórnunarteymi væri starfandi við skólann þeirra. . . . .	22
<b>Tafla 18:</b> Þeir sem svöruðu „já“ við spurningunni að ofan, þ.e. sögðu að stjórnunarteymi væri starfandi við skólann, voru beðnir um að tilgreina hvort tilteknir aðilar væru í stjórnunarteymi skólans. Hlutfall (%) skólustjóra sem sagði að tiltekinn aðili væri í stjórnunarteymi skólans. . . . .	23
<b>Tafla 19A:</b> Hlutfall (%) skólustjóra á Íslandi sem segir að tilteknir aðilar beri „umtalsverða ábyrgð“ á ákveðnum þáttum í skólustarfinu. . . . .	24
<b>Tafla 19B:</b> Hlutfall (%) skólustjóra á Norðurlöndum sem segir að tilteknir aðilar beri „umtalsverða ábyrgð“ á ákveðnum þáttum í skólustarfinu. . . . .	25
<b>Tafla 19C:</b> Hlutfall (%) skólustjóra í OECD-löndum sem segir að tilteknir aðilar beri „umtalsverða ábyrgð“ á ákveðnum þáttum í skólustarfinu. . . . .	26
<b>Tafla 19D:</b> Hlutfall (%) skólustjóra í þátttökulöndum TALIS sem segir að tilteknir aðilar beri „umtalsverða ábyrgð“ á ákveðnum þáttum í skólustarfinu. . . . .	27
<b>Tafla 20:</b> Hlutfall (%) skólustjóra sem segist hafa tekið „oft“ eða „mjög oft“ þátt í neðangreindum verkefnum í skólanum síðastliðna 12 mánuði. . . . .	28
<b>Tafla 21:</b> Hlutfall (%) skólustjóra sem segir að hver kennari í skólanum sé metinn formlega einu sinni á ári eða oftari af tilteknum aðilum. . . . .	29
<b>Tafla 22A:</b> Hlutfall (%) skólustjóra á Íslandi sem segir að tilteknir aðilar noti upplýsingar af ákveðnu tagi við formlegt mat á störfum kennara í skólanum. . . . .	30
<b>Tafla 22B:</b> Hlutfall (%) skólustjóra á Norðurlöndum sem segir að tilteknir aðilar noti upplýsingar af ákveðnu tagi við formlegt mat á störfum kennara í skólanum. . . . .	31
<b>Tafla 22C:</b> Hlutfall (%) skólustjóra í OECD-löndum sem segir að tilteknir aðilar noti upplýsingar af ákveðnu tagi við formlegt mat á störfum kennara í skólanum. . . . .	32
<b>Tafla 22D:</b> Hlutfall (%) skólustjóra í TALIS-löndum sem segir að tilteknir aðilar noti upplýsingar af ákveðnu tagi við formlegt mat á störfum kennara í skólanum. . . . .	33
<b>Tafla 23:</b> Hlutfall (%) skólustjóra sem segir að eftirfarandi eigi sér stað í skólanum oftast eða alltaf í framhaldi af kennaramati. . . . .	34
<b>Tafla 24:</b> Hlutfall (%) skólustjóra sem er sammála eða mjög sammála ýmsum fullyrðingum um skólabrag. . . . .	35
<b>Tafla 25:</b> Hlutfall (%) skólustjóra sem segir að tilteknar fullyrðingar eigi við skólann að mjög miklu leyti. . . . .	36
<b>Tafla 26:</b> Meðalárafjöldi (og staðalfrávik) sem skólustjórar vilja starfa áfram sem skólustjórar. . . . .	37
<b>Tafla 27:</b> Hlutfall (%) skólustjóra sem segir að tiltekin atriði valdi þeim streitu að þó nokkru leyti eða að mjög miklu leyti. . . . .	37
<b>Tafla 28:</b> Skólustjórar (%) sem voru sammála eða mjög sammála tilteknum fullyrðingum um starfið. . . . .	38
<b>Tafla 29:</b> Skólustjórar (%) sem voru sammála eða mjög sammála tilteknum fullyrðingum um starfið. . . . .	38

